

Krafist að Neytendasamtökin dragi könnunina til baka og biðjist afsökunar



Fyrir síðustu helgi birtust í fjölmiðlum niðurstöður úr nýlegri verðkönnun sem var samstarfsverkefni ASÍ, BSRB og Neytendasamtakanna. Vilhjálmur Ingi Árnason hjá Neytendafélagi Akureyrar og nágrennis hefur fullyrt að margar villur hafi verið gerðar við verðtöku í könnuninni og að niðurstöður séu af þeim sökum rangar og villandi. Hefur hann hvatt Neytendasamtökin til að draga verðkönnunina til baka og biðja hlutaðeigendur afsökunar á mistökunum.

Verðkönnunin var gerð 30. september s.l. og var verðkönnunin á 127 vörum í 79 matvöruverslunum í 37 byggðarlögum. Að þessu sinni var verslunum skipt í þrjú flokka, lágvöruverðverslanir, stórmarkaði og verslunarkeðjur og kaupmanninn á horninu. Fundið var út meðalverðlag á landsvísi og það

sett sem 100 og verslunum síðan gefin stig miðað við meðaltalið.

Samkvæmt könnuninni er Bónus nú sem áður með lægsta verðið af lágvöruverðsverslunum, en KEA Nettó er ásamt Bónusi í þessum flokki. Bónus fékk 73,71 stig í könnuninni.

Í flokki stórmarkaða og verslunarkeðja er Fjarðarkaup í Hafnarfirði lægst með 85,51 stig. Í fjórða sæti þess flokks er Samkaup á Ísafirði með 89,25 stig og í 34. sæti kemur Vöruval Ísafirði með 101,06 stig.

Í flokknum kaupmaðurinn á horninu eru fjórar verslanir í Reykjavík og eru tvær þeirra með hæsta verðlag í þessum flokki, 114,57 stig og 119,64 stig. Kjöt og fiskur á Patreksfirði mældist með 107,74 stig, Mettubúð á Tálknafirði með 108,77 stig, Félagskaup á Flateyri með 109,82, Verslun

Bjarna Eiríkssonar í Bolungarvík með 111,16 stig og Búðin okkar á Suðureyri með 112,75 stig.

Könnunin algjört hneyskli og skemmdarstarfsemi

„Að sjálfsögðu vakti það athygli mína að maður sem hefur haft með yfirumsjón og framkvæmd þessara verðkönnana að gera, skuli koma fram í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins á sunnudaginn og óska eftir að verðkönnunin verði dregin til baka vegna þess að hún sé marklaus og röng. Ég er fyllilega sammála Vilhjálmi Inga með framangreint, en hann er raunverulega að tala um hluti sem ég hef bent á áður,“ sagði Benedikt Kristjánsson, kaupmaður í Vöruvali og formaður Kaupmannasamtaka Íslands, í samtali við blaðið.

„Ég hef margoft gagnrýnt Neytendasamtökin fyrir að standa ekki fagmannlega að verðkönnunum. Það fer ekki á milli mála að það er mikið af rangfærslum í nýjustu könnuninni eins og svo oft áður. Það vekur t.d. athygli að verslun á Ísafirði skuli koma út úr könnuninni sem fjórða lægsta verslunin í flokki stórmarkaða og verslunarkeðja, en samnefnd verslun í Njarðvík komist ekki á blað. Verslunin í Njarðvík hlýtur því að vera langt fyrir ofan verslunina á Ísafirði í vöruverði og það kemur ekki heim og saman við það sem menn hafa fullyrt í sambandi við verð í þessum verslunum. Það má færa rök fyrir því að þeir sem framkvæma verðkönnanir á Ísafirði, þ.e. verkafélögin, njóti ekki trausts vegna verðtöku sem þar fer fram, en þeir eru ekki hlutlausir vegna tengsla sinna við

verslunarrekstur í húsi fyrrum Kaupfélags Ísafirðinga.

Með þessum vinnubrögðum eru Neytendasamtökin bæði leynt og ljóst að skaða ákveðin verslunar fyrirtæki. Verðsamanburður sá sem t.d. er gerður hér á Ísafirði fær engan veginn staðist, sem sýnir einfaldlega að Neytendasamtökin verða að taka sig saman í andlitinu ef þau ætla að vinna þessar verðkönnanir á faglegan og heiðarlegan hátt.

Ég hef oft skipst á skoðunum við Vilhjálmi Inga um verðkönnanir. Hvað sem segja má um hann, þá hefur hann þó haft sem reglu að senda viðkomandi verslunum verðin sem tekin hafa verið í verðkönnunum sem hann hefur stjórnað og leyft þeim að fara yfir þau til að menn gætu fullvissað sig um að þau væru rétt. Þetta var ekki gert að þessu sinni þannig að ég held

að ég verði að taka undir sjónarmið Vilhjálms Inga um að verðkönnunin er bull og ekkert annað.“

Verslunin Straumnes í Reykjavík neitaði þátttöku í verðkönnuninni og segir Benedikt það ekki koma á óvart. „Ég held að menn verði að fara hugsa um það í alvöru hvort þeir leyfi Neytendasamtökunum að ganga fram með slíku offorsi. Verðkönnanir á að taka í öllum verslunum á nákvæmlega sama tíma og að sjálfsögðu á að gæta þess að taka verð á nákvæmlega sömu vörutegundum. Öðruvísi er verðkönnun ekki marktæk. Síðasta könnun er algjört hneyskli og ekkert annað en skemmdarstarfsemi. Það eru greinilega annarleg sjónarmið sem þarna ráða ferðinni og maður spyr sig hvort þau beinist markvisst að ákveðnum verslunum,“ sagði Benedikt Kristjánsson.

Á sjötta hundruð manns hafa gengið í Samtök um Þjóðareign er stofnuð voru

Hugmyndir um framfarir til næstu alþingiskosninga

Á miðvikudaginn í síðustu viku var haldinn stofnfundur Samtaka um Þjóðareign, en félagið hefur að markmiði að stuðla að því að tryggja öllum íslenskum þegnum jafnan rétt til að hagnýta auðlindir íslenskrar efnahagslögsögu og vinna með öllum lögmætum ráðum, þar á meðal lögsókn, að því að ná þessu markmiði, eins og segir í fyrstu grein laga samtakanna.

Fundurinn var haldinn á Grand Hótel í Reykjavík og var fullt út úr dyrum. Fram kom sú hugmynd m.a. að efnt yrði til framboðs í næstu alþingiskosningum þar sem þess yrði krafist að þjóðin endurheimti yfirráðarétt yfir fiskimiðunum. Félagsmenn í samtökunum eru nú þegar orðnir á um sjötta hundruð.

Undir ávarp sem samtökin sendu fjölmiðlum skrifa 48 Íslendingar víðs vegar að af landinu og þar af þrír fyrrverandi ráðherrar, þeir Gylfi Þ. Gíslason, Matthías Bjarnason og Steingrímur Hermannsson. Þrír bæjarfulltrúar Ísafjarðar-

bæjar, þau Kolbrún Halldórsdóttir, Sigurður R. Ólafsson og Þorsteinn Jóhannesson, skrifa undir ávarpið og einnig Pétur Sigurðsson, forseti ASV, Karvel Pálmason, fyrrverandi alþingismaður, Halldór Hermannsson, skipstjóri á Ísafirði og fleiri.

Óánægja almennings fer stigmagnandi

„Ég ákvað að ganga til liðs við Samtök um Þjóðareign vegna þess að ég er engan veginn sáttur við hluta kvótalaganna. Þar á ég aðallega við þann hluta er lýtur að eignamyndun og framsalmsöguleikum einstaklinga á þjóðareigninni, sem gerir þessum sömu mönnum kleift að taka milljarða út úr sameigninni,“ sagði Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir FSÍ og formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, í samtali við blaðið, en hann tók þátt í undirbúningi vegna stofnunar samtakanna.

- En hvers vegna eru samtökin stofnuð nákvæmlega núna? „Óánægja almennings fer mjög stigmagnandi og það eru

því verulegar líkur á að samtök af þessu tagi geti hreyft málinu núna. Á undirbúningsfundinum var varpað fram hugmyndum um stofnun nýrra stjórnmalasamtaka, en hvað mig varðar þá tel ég það af og frá því ég tel mig mikið betur geta barist fyrir þessum málsstað innan míns flokks. Í mínum huga er það svolítið hjákátlegt að menn ætli sér að stofna pólitísk flokksamtök um þetta eina mál.“

Þorsteinn segist sannfærður um að samtökin sem slík eigi eftir að hafa áhrif.

„Það hefur fjöldi fólks haft samband við mig og lýst yfir ánægju sinni með stofnun samtakanna og stuðningi við sjónarmið mín hvað varðar þessi mál þannig að ég er sannfærður um að menn á löggjafasamkundunni hljóti að fara að vakna til vitundar um að þessi lög eru ólög.“

Þorsteinn var spurður um hvort samtökin þyrftu ekki að benda á ákveðnar lausnir til úrbóta.

„Það kemur vafalaust að því. Mér finnst þó að þeir sem bera

Sextíu ára vígsluafmæli Suðureyrarkirkju

Þann 1. ágúst síðastliðinn voru 60 ár voru liðin frá vígslu kirkjunnar á Suðureyri.

Þessara tímamóta var fagnað með guðsþjónustu í Suðureyrarkirkju þann 20. júlí sl. Við guðsþjónustuna þjónaði staðarprestur, séra Valdimar Hreiðarsson fyrir altari og prédikaði, og séra Gunnar Björnsson þjónaði fyrir altari við kvöldmáltíðarsakramenti ásamt staðarpresti. Séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir, sóknarprestur á Þingeyri og maður hennar, dr. Einar Sigurbjörnsson guðfræðiprófessor voru viðstödd guðsþjónustuna, auk séra Agnesar M. Sigurðardóttur, sóknarprests í Bolungarvík.

Fjöldi annarra góðra gesta voru mættir til guðsþjónustunnar, og þar ekki síst að nefna marga gamla Súgfirðinga. Sæluhelgin var alls ráð-

andi þessa júlídaga og ungir og gamlir Súgfirðingar fögnuðu með með heilum hug, komnir til að treysta bönd frændsemi og vináttu. Samfélag Súgfirðinga teygist víða og er vissulega til staðar, þó svo að ekki búi þeir allir í Súgandafirði. Því það er ekki bundið stund eða stað að vera Súgfirðingur fremur en að vera Íslendingur. Og þau bönd er tengja nútíð við fortíð eru líka styrkt, því minningarnar eru snar þáttur menningarinnar.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem ríktu á Suðureyri vegna sæluhelgarinnar, reyndist ekki fært að viðhalda þeim góða og gamla sið að bjóða til kirkjukaffis. Hins vegar bauð sóknarnefnd til almenns kirkjukaffis að lokinni messu sem haldin var í Suðureyrarkirkju sunnudaginn 24. ágúst

síðastliðinn. Við það tækifæri var vígslu kirkjunnar enn minnst.

Þó svo að saga Suðureyrarkirkju sé ekki löng, þá er ekki ólíklegt að í eina tíð hafi staðið bænhús á Suðureyri. Líkur eru til að kirkja hafi fyrst risið í Súgandafirði um aldamótin 1100, og þá að Stað í Staðardal. Í kirknatali frá árinu 1200 er nefnd kirkja að Stað helguð Guði og Guðs móður Maríu. Æ síðan er Staðarkirkja í Staðarsókn við líði. Ekki verður annað ráðið af heimildum, en að lengst af hafi Staðarsókn verið sérstakt prestakall. Oftast sat prestur að Stað.

Eftir því sem byggð óx á Suðureyriarmölum, varð fólk ljósari þörfin á kirkju, er þjónað gæti betur samfélaginu á Suðureyri betur en kirkjan á Stað. Þótti kirkjuganga frá Suðureyri allströng á köflum, því leið liggur fyrir fjallið Spilli þar sem hann rís nær þverhníptur úr sjó. Segir sagan að Guðmundur biskup góði hafi blessað leiðina fyrir Spilli, og sé það ástæðan fyrir því, að enginn hafi farist þar. Eftir miklar umræður og vangaveltur varð úr, að byggja kirkju á Suðureyri, sem síðan varð vígð, eins og fyrr segir, þann 1. ágúst 1937 af þáverandi biskup, doktor Jóni Helgasoni.

Suðureyrarkirkja er sannkölluð sjómannakirkja, kirkja er þjónar samfélagi sem var og er að mestu leyti samfélag sjómanna og fjölskyldna þeirra. Og það voru sjómenn, sem byggðu þessa kirkju. Meðal annars var aflað fjár til kirkjubyggingarinnar með því að hver bátur hér á Suðureyri réri með eina línu, eða 100 króka, og gaf kirkjunni allan afla sem kom inn á þessa línu.

Einnig má nefna kvenfélagið Ársól, sem lagði drjúgt af mörkum og átti með öðrum frumkvæði að byggingu kirkjunnar. Kostnaðaráætlun, sem gerð var í upphafi gerði ráð fyrir, að byggingin væri greidd að fullu á vígsludag. Hins vegar var það raunin, að kirkjan skuldaði 16 krónur á vígsludaginn, sem ekki heldur var mikið fé í þá daga.

Margir urðu til þess að minnast kirkjunnar sinnar á þessum tímamótum. Aðalheiður Friðbertsdóttir og Óskar Kristjánsson gáfu



Dr. Einar Sigurbjörnsson, sr. Guðrún Edda Gunnarsdóttir, sr. Gunnar Björnsson, frú Ágústa Ágústsdóttir, sr. Valdimar Hreiðarsson, frú Margrét Hagalínsdóttir, sr. Agnes M. Sigurðardóttir fyrir framan Suðureyrarkirkju.

myndverker Aðalheiður hefur heklað eftir fyrirmynd, sem er Kvöldmáltíðin eftir Leonardo da Vinci. Þessu verki hefur verið fundinn staður í kirkjuskipi yfir dyrum milli framkirkju og kirkjuskips. Gjöfin er til minningar um foreldra þeirra hjóna, þau Jónu Magnúsdóttur og Friðbert G. Magnússon og Sigríði H. Jóhannesdóttur og Kristján Albert Kristjánsson. Er þetta hið fegursta verk, unnið af alúð og kærleika.

Lionsklúbbur Öfundarfjarðar og Súgandafjarðar gaf krónur 150.000 til kirkjunnar. Ákveðið hefur verið að hluta gjafarinnar verði varið til kaupa á skrúða til kirkjunnar.

Sparisjóður Bolungavíkur á Suðureyri gaf krónur 150.000 til kirkjunnar. Þessu fé hefur verið varið til kaupa á hátíðarhökli, er sóknarprestur skryddist og vígdist hökullinn kirkjunni við guðsþjónustuna. Hökullinn er handafinn úr ull, silki og gullþræði. Elfn Stefánsdóttir, kirkjulistakona í Danmörku, vann hökullinn. Litur hökulsins er hvítur.

Í verki doktors Einars Sigurbjörnssonar, "Embættisgjörð, guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð", segir svo um hvíta litinn í litbrigðum kirkjuársins: "Hvítur er litur fagnaðar og hreinleika og þess vegna litur stórhátíðanna, jóla og páska og sunnudaganna eftir páska." Einnig má bera hann á sunnudegi milli jóla og nýjárs. Kvenfélagið Ársól gaf stólu í stíl við hátíðarhökul-

inn, og er hann gerður af Elínu Stefánsdóttur eins og hökullinn. Ekki er að efa að þessir góðu gripir muni sóma sér vel á stórhátíðum kristinnar kirkju hér í kirkjunni á Suðureyri.

Eva, Sigrún, Kristín, Jón og Eðvarð, böm Kristeyjar Hallbjörnisdóttur og Sturlu Jónssonar, gáfu kirkjunni glerlistaverk í kórglugga kirkjunnar. Gluggarnir eru eftir Benedikt Gunnarsson listmálara og sækir hann myndefnið í texta Biblíunnar. Verk þessi eru í vinnslu og verða afhent síðar á árinu.

Böm Sigurborgar Sumarlínu Jónsdóttur og Bjarna G. Friðrikssonar gáfu tvo brúðarstóla í kór kirkjunnar. Er þetta hinir veglegustu gripir.

Hér með er komið á framfæri innilegasta þakklæti við gefendur hinna góðu gjafa, sem öllum þykja mikils verðar, en ekki síður er mikils verður sá hinn hlýi hugur er lýsir sér í gjöfunum.

Allverulegar framkvæmdir hafa farið fram í kirkjunni á vegum sóknamefndar. Vinstra megin við kór hefur verið komið fyrir eldvarnarhurð og eins hefur kirkjan verið öll

máluð utan. Er þetta hinar þörfustu verk. Ekki er langt síðan lokið var við miklar framkvæmdir á lóð kirkjunnar, og er garðurinn umhverfis kirkjuna mikil staðarprýði, sem og raunar kirkjan sem slík.

Margar kveðjur bárust söfnuðinum á þessum hátíðisdegi og lýstu þær kveðjur miklum hlýhug í garð kirkju og safnaðar.

Og sá seymi er fortíð tengir við samtíð geymir ótal veigamikla þræði, er liggja um kirkjuna fögru á hólum. Í kirkjunni sinni eiga margir sínar sælustu stundir, þá er heit eru gefin fyrir altari Drottins eða lítið barn borið til skímarlaugar. En á sama hátt eiga margir sínar erfiðustu stundir og þungbærustu stundir einnig í kirkjunni. En allar stundirnar í kirkjunni voru og eru þess eðlis að þær styrkja samfélagið, samheldnina og eindrægnina. Suðureyrarkirkja er, eins og önnur Guðshús, helgað hús, helgað Drottni og helgað minningum fólksins er þar áttu og eiga sögu sína og örlög.

í Reykjavík í síðustu viku

mbóð sninga

ábyrgð á kvótalögnum ættu að finna hjá sér skyldu til að finna annað kerfi sem þjóðarsátt myndi ríkja um. Við sjáum að það er engin sátt um kerfið eins og það er í dag.

- Nú vilja margir meina að menn séu búnir að mála sig út í hom með kvótalögnum og að illmögulegt sé að snúa til baka frá núverandi kerfi.

„Ég held að rök af þessu tagi haldi ekki. Við skulum ekki gleyma því að með setningu laganna er nokkrum einstaklingum afhent frjálst aðgengi að sameigninni. Það þýðir samt ekki að svo eigi að vera um aldur og ævi. Mér finnst að þeir sem hafa staðið í þessum atvinnurekstri fái að gera það áfram svo lengi sem þeir vilja. En þegar þessir aðilar kjósa að setjast í helgan stein, þá gjöri þeir svo vel og skili heimildinni til baka. Það er ekki hægt að greiða einstaklingum eða fyrirtækjum út arð af fiski sem er óveiddur í sjónum. Það er hlutur sem ég get engan veginn sætt mig við,“ sagði Þorsteinn Jóhannesson.

SKÓHORNID

SKÓVERSLUN

Aðalstræti 24 • Sími 456 4323

Margar svipadar gerðir

Verð kr. 6.980.-



Í gegnum súrt og sætt fyrir Bolungarvík

Viðtal við Ólaf Kristjánsson, Ísafirðinginn sem gerðist bæjarstjóri í Bolungarvík

Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, verður búinn að sitja í sveitarstjórn í 32 ár þar í bæ þegar yfirstandandi kjörtímabili lýkur nú í vor. Á þessum langa tíma hefur byggðarlagið lifað tímana tvenna og átt sín uppgangs- og hnignunartímabil og kunna sjálfsgagt fáir eins góð skil á atburðarásinni og Ólafur sem jafnan hefur verið í fremstu víglínu bæjarmálanna, bæði í súru og sætu.

BB knúði dyra á bæjarskrifstofunni í Bolungarvík á dögnum og falaðist eftir því við Ólaf að fá leggja fyrir hann nokkrar spurningar um Víkina, sem þuríður sundafyllir nam fyrir svo óralöngu, og þróun byggðarlagsins frá því að hann hóf að blanda sér í bæjarmálin. Ólafur tók þeirri málaleitan vel eins og hans er von og vísa, en hann er af þeim sem þekkja hann talinn mikill diplómat eða málamiðlunarmaður, og skýrar sú staðreynd sjálfsgagt að nokkru hina löngu setu hans í sveitarstjórn.

Ólafur er fæddur og uppalinn á Ísafirði, en settist þrátt fyrir það að í Bolungarvík ásamt bolvískri konu sinni, Herdís Eggertsdóttur, og setti á stofn tónlistarskóla sem síðar varð grunnurinn að Tónlistarskóla Bolungarvíkureins

og hann lítur út í dag.

Já, tónlist og Óli málari, eins og Ólafur var gjarnan nefndur á meðan hann stundaði malarastörf, eru samofin og er engum blöðum um það að fletta að Ólafur hefði orðið tónlistarmaður í fremstu röð

hefði hann valið sér starf á þeim vettvangi. En tónlistarmaðurinn og málariinn hafði ekki verið mjög lengi í Víkinni þegar afskipti hans af bæjarmálum hófust og þar með var framtíðin ráðin. Bolvíkingar og Vestfirðingar hafa þó

fengið að njóta tónlistarhæfileika Ólafs á liðnum árum og hefur hann fúslega veitt liðsinni þeim sem þurft hafa á undirleikara að halda undir ýmsum til efnum, a u k

eftir að fleiri liðtækir hljóðfæraleikarar og stjórnendur fóru að finnast í Bolungarvík. Ólafur hefur þó ekki sagt skilið við tónlistina, en hann á til að mynda reglulega fundi með félögum sínum þar sem leikinn er djass. Vemharður Linnet djassáhugamaður, kallaði hópinn „The Westfjords all star jazzband“ þegar Ríkisútvarpið hljóðritaði tónleika hans s.l. vor, en þar voru vestfirskir djassgeggjar væntanlega gerðir ódauðlegir.

Tónlistarhljóðin

Víkur nú sögunni aftur að bæjarskrifstofunni þar sem Ólafur hefur reitt fram kaffi. Þar sem ljóst er að tónlistarhljóðin á Ólafi er efni í frí-

standandi viðtal er ákveðið að geyma þá hlið til betri tíma og einskorða viðtalið við Bolungarvík og bæjarmálahljóðina á Ólafi.

Reyndar getur maðurinn verið efniviður í mörg viðtöl af ýmsu tagi því Ólafur hefur komið víða við. Hann á sæti í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hefur setið í stjórn Lána-sjóðs sveitarfélaga. Hann var

skipaður í Orkunefnd Vestfjarða sem vann að undirbúningi og stofnun Orkubúsins, sat þar í stjórn í 10 ár, og þar af 8 ár sem stjórnarformaður. Í 10 ár sat Ólafur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og var formaður þar í 2 ár.

Forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur var hann frá 1974 til 1987 og hefur verið formaður fjölmargra nefnda í sveitarstjórn Bolungarvíkur. Hann er nú stjórnarmaður í Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands, og er eins og áður segir bæjarstjóri í Bolungarvík, ásamt því að vera hafnarstjóri og framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Bolungarvíkur og heilsgæslustöðvar.

Fframkvæmdastjóri, ráðgjafi og trúnaðarvinur

- En hversu lengi hefur Ólafur setið í stól bæjarstjóra?

„Ég tók við bæjarstjórastarfi árið 1987 við ótímabært fráfall vinar míns og starfsfélaga til langs tíma, Guðmundar heitins Kristjánssonar. Reyndar hafði ég sem forseti bæjarstjórnar leyst hann af í sumarleyfum hans, og má segja að það hafi verið fyrsti aðgöngumiðinn að bæjarstjórastólnum. Síðar gerðist það með frambóði mínu sem pólitískur bæjarstjóri.“

- Hvernig finnst þér svo starfið?

„Þetta starf er skemmtilegt og þroskandi en um leið krefjandi. Verkefni eru fjöl-



PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** **PIZZA 67**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Engjavegur 23: 145 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 12.500.000,-
Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur þöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 6.500.000,-
Hnífsdalsvegur 27: 182m² glæsileg íbúð ásamt 413m² iðnaðarhúsnæði í góðu standi. Tilboð óskast.
Hreggnasi 2: 127m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt viðbyggingu. Verð: 4.900.000,-

Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-
Mjallargata 8: 117,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust strax. Verð: 7.400.000,-
Seljalandsvegur 48: 188m² einbýlishús á þremur þöllum ásamt bílskúr. Gott útsýni. Skipti á ódyrari eign. Verð: 12.700.000,-
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús (4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Nýmálað. Öll tilboð skoðuð. Verð: 7.800.000,-
Skipagata 11: 78,4m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. —

Öll tilboð skoðuð. Verð: 4.500.000,-
Sólgata 7: 77,8m² einbýlishús á einni hæð. Endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Tilboð óskast.
Urðarvegur 13: 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-
Urðarvegur 27: 190,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktauð lóð. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 58: 209m² raðhús á 3 þöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 12.500.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi.

Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-
Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-
Hjallavegur 8: 128,5m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-
Hjallavegur 12: 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5.500.000,-
Pólgata 4: 136m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herb. íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.400.000,-
Stórholt 13: 103m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 7.800.000,-
Túngata 12: 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð: 7.900.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti möguleg. Verð: 6.700.000,-
Túngata 18: 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgerð. Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6.900.000,-

3ja herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 38: 70m² 3ja-4ra herbergja íbúð á rishæð ásamt geymslum. Íbúðin er mikið endurgerð. Verð: 4.000.000,-
Pólgata 6: 55m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt herb. í kjallara, innangengt úr íbúð. Sér inngangur. Tilboð óskast.
Pólgata 6: 52m² risibúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3.900.000,-
Stórholt 7: 76m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Stórholt 7: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Túngata 20: 74,9m² uppgerð íbúð í fjölbýlishúsi. Laus fljótlega. Tilboð óskast.
Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6.000.000,-

2ja herbergja íbúðir

Grundargata 2: 50,5m² íbúð á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-
Sundstræti 24: 69m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikið uppgerð. Verð: 4.900.000,-
Túngata 12: 62m² íbúð í kjallara í þríbýlishúsi. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 3.900.000,-
Túngata 20: 53,4m² íbúð í góðu standi á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Húsið er nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-

Suðureyri

Aðalgata 3: Einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr og ræktaðri lóð. Verð: 2.600.000,-
Aðalgata 38: 108m² einbýlishús á einni hæð ásamt geymslu, kjallara og bílskúr. Verð: 2.000.000,-
Hlíðarvegur 10: 90m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Einnig hálf bílgeymsla, rúmlega tilb. undir tveverk. Tilboð óskast.
Sæturn 1: 180m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 5.200.000,-
Sæturn 9: 137m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr og ræktaðri lóð. Tilboð óskast.

Engjavegur 17: 61,7m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er öll nýmálað. Verð: 4.600.000,-

þætt og margbreytileg og má segja að bæjarstjóri í litlu sveitarfélagi sé samhlíða framkvæmdastjórarstarfinu í senn ráðgjafi og trúnaðarvinur þeirra fjölmörgu er til hans leita.“

- Hefur ekki margt breyst síðan þú hófst afskipti af bæjararmálum?

„Margt hefur breyst frá fyrstu veru minni í sveitarstjórn, eða hreppsnefnd eins og þá var. Fundir eru nú reglulegri, upplýsingastreymi til sveitarstjórnarmanna mun meira en áður og verkefni margþættari. Reyndar má segja að sveitarfélag í dag sé nokkurs konar þjónustufyrirtæki sem allir, bæði fyrirtæki og einstaklingar, eiga meiri og minni aðgang að.“

Ótrúleg breyting á Bolungarvík

- Hvað með bæjarfélagið sjálft?

„Á þessu bráðum 32 ára tímabili hefur orðið ótrúleg breyting á Bolungarvík eins og reyndar flestum öðrum stöðum. Höfnin er nú lífhöfn, en áður þurftu skip og bátar að leita hafnar á Ísafirði. Skólinn hefur vaxið upp úr þröngu húsnæði í nútímalegan einsetinn glæsilegan Grunnskóla. Tónlistarskóli og leikskóli eru í dag reknir af miklum myndarskap. Sköpuð hefur verið góð aðstaða til íþróttar- og æskulýðsstarfs og má þar nefna m.a. breytinguna frá kolakyntri sundlaug yfir í glæsilega sundlaug og íþróttahús og sérstakt húsnæði fyrir æskulýðsmiðstöð. Götur eru allar með bundið slitlag og gangstéttar við flestar götur og svo framvegis.“

Þá vil ég nefna hliðið að Bolungarvík, Verbúðina Ósvör, sem okkar ágæti Geir Guðmundsson, hleypir lífi í með hressilegum frásögnum frá fyrri tíð, og nú síðast lokaáfangi við að koma á fót Náttúrugripasafni og Náttúrufestu í Bolungarvík. Þannig mætti í rauninni lengi telja.

Breytingin er þó eflaust mest í mannfólkinu sjálfu. Við höfum séð á baki alltof mörgum góðum borgurum, en fengið þó fjölmarga trausta og nýja samborgara í staðinn sem við fögnum af alhug. Alltaf er þó sárt að sjá og heyra um brottflutning þeirra sem hér eru bornir og barnfæddir en eiga til að bera - þrátt fyrir brottflutninginn - sterkar tilfinningar til æskustöðvanna. Það er einstaklega ánægjulegt, að nú í ár erum við að fá unga Bolvíkinga heim aftur eftir námsdvöl og viljum leggja mikið af mörku- um til að þeim fjölgi sem mest og hafi sem besta heimkomu.“

Ótímabært gjaldþrot EG var sársaukafullt

- Það voru erfiðleikar í atvinnumálum Bolvíkinga um tíma. Hlutirnir hafa þó gerst nokkuð hratt eftir gjaldþrot EG. Fyrirtækin Ósvör og Þuríður komu til sögunnar,

síðan Bakki og nú síðast Þorbjörn í Grindavík. Hvemig er staða þessara mála í dag? Er öryggi í atvinnumálum?

„Það er rétt. Ótímabært gjaldþrot EG fyrirtækjanna var sársaukafullt og hafði gífurleg áhrif á einstaklinga, jafnt sem fyrirtæki og sveitarfélagið í heild. Sem betur fór tókst mikil og góð samstaða meðal bæjarbúa um að leggja sitt af mörkum til að halda togurunum og kvótanum í byggð með stofnun útgerðarfélagssins Ósvarar hf. Með þessu vorum við að heyja vamarbaráttu, um leið og við unnum tíma til að móta næstu skref við þær erfiðu aðstæður sem sköpuðust í kjölfar gjaldþrotsins.“

Fljótlega kom í ljós að við höfðum ekki efnahagslegt bolmagn til að standa einir og sér undir mikilli skuldsetningu Ósvarar hf. Ljóst var að selja hefði þurft annan togarann Heiðrúnu ÍS-4, til að standa undir rekstrinum, og sú sýn að breyta Dagrúnu ÍS-9 í frystiskip gekk hreinlega ekki upp.

Fjárfestar höfðu ekki tiltrú á að jafn veikburða fyrirtæki og Ósvör hf. var skilaði arði, og því var hlutfjársofnun afskaplega rýr svo meira sé ekki sagt. Fyrirtækið Þuríður hf. hafði enga burði til nauðsynlegrar endurnýjunar húsakosts og tækjabúnaðar.

Mín sýn og fleiri var því sú, að til að forðast annað áfall yrðum við að fá sterka aðila til fjárfestinga í Bolungarvík og treysta þannig atvinnuöryggi íbúanna um leið og sótt yrði fram til nýrra sigra. Hvað sem segja má um stöðu Bakka hf., sem gekk í gegnum erfiða tíma og mátti þola mikið verðfall á rækju og taprekstur á bolfiskvinnslu samtímis mikilli fjárfestingu vegna breytinga á húsnæði, endurnýjunar tækjabúnaðar og kostnaðarsamri markaðsleit og markaðssetningu, var unnið hér gífurlega mikið starf sem vonandi er grunnur að enn meiri sókn og áframhaldandi uppbyggingu er fram líða stundir.“

Byggðarlagið hefði ekki þolað annað stóráfall

- Ýmsir telja að Bolungarvíkurbær hafi gert mistök þegar hann framseldi hlut sinn í Ósvör og þar með yfirráð yfir kvóta í hendur Aðalbjarnar Jóakímssonar fyrir 30-35 milljónir króna. Fyrir það fyrsta hafi gengið illa að innheimta fyrgreindar milljónir og í öðru lagi hafi kvótinn hækkad gríðarlega í verði eftir kaup Aðalbjarnar þannig að nánast megi telja að um gjöf hafi verið að ræða af hálfu Bolungarvíkurkaupstaðar. Hvað viltu segja um þetta?

„Þessu er ég ekki sammála og vísa til þess sem ég var að enda við að segja. Hefðum við ekki gripið til þessarar sölu blasti við önnur og enn þá alvarlegri staða en áður var. Ég tel að koma Aðalbjarnar og féлага og sú mikla fjár-

festing sem ráðist var í hafi skipt sköpum fyrir byggðarlagið. Nýju blóði var hleypt í atvinnulífið og maður fann hvernig tiltrú bæjarbúa og bjartsýni jókst við þær miklu framkvæmdir sem ráðist var í. Byggðarlagið hefði ekki þolað annað stóráfall.“

Það er hreinn barnaskapur ef einhver heldur því fram að Ósvör hf. hafi verið keypt fyrir 30-35 milljónir króna. Þeir sem þannig tala eru annað hvort ekki meðvitaðir um þá miklu skuldastöðu sem Ósvör hf. var í, eða eru að blekkja sjálfa sig og aðra. Skuldir upp á tugi milljóna fylgdu með í þessum kaupum. Þetta eiga allir að vita sem það vilja.

Þá er það mikill misskilningur að illa hafi gengið að innheimta fyrgreindar milljónir. Fyrirtækið hefur verið skilvíst og staðið við allar sínar skuldbindingar og samninga gagnvart bæjarsjóði.

Hækkun kvótaverðs eftir sölu er vissulega rétt, en sú þróun öll hefur orðið með ördum hætti en nokkurn grunnaði.

Mér finnst rétt að taka fram að allir bæjarfulltrúar, bæði minnihluti og meirihluti voru fylgjandi sölu hlutabréfanna, en ágreiningur varð um hvort selja ætti Aðalbiri eða setja bréfin á almennan markað. Meirihlutinn vildi vita hver kaupandinn yrði og því var gengið til samninga við Aðalbjörn.“

Alltof lág laun greidd í fiskvinnslunni

- Nú hefur hlutfall erlends verkafólks verið hátt í Bolungarvík. Er það sérstakt áhyggjuefni í þínum huga? Bendir ekki ýmislegt til að þau atvinnutækifæri sem bjóðast nái ekki að fullnægja kröfum nútímamafólks um fjölbreytni? Er unnið að nýsköpun atvinnutækifæra í Bolungarvík?

„Vissulega er það áhyggjuefni að flytja þarf inn erlent vinnuafli til fiskvinnslunnar á sama tíma og atvinnuleysi er í landinu. Mín skýring er sú að alltof lág laun séu greidd í fiskvinnslunni, vinnan einhæf og lítt spennandi. Vitað er að þessi mikla einhæfni leiðir til vöðvabólgu og vanlíðunar fólks. Þetta gerist þrátt fyrir bættan aðbúnað og hreinlæti. Þá hefur breytt vinnufyrirkomulag með tilkomu flæðilína gert vinnuna enn einhæfari en áður var og bundið fólk meira við þessa færibandavinnu þannig að hið gamla frjálsræði og sveigjanleiki í atvinnugreininni er horfið. Stór spurning er og um hvort rétt var að falla frá einstaklingsbónus yfir í hópbónus.“

Mér er ljóst að núverandi rekstur fiskvinnslunnar á erfitt með að greiða hærri laun við óbreyttar aðstæður. Tap á rekstri fiskvinnslustöðva er hættulegur óvinur og kemur harðast niður á landsbyggðinni. Það er að mínu viti byggðamál að laða fólk að til

fiskvinnslustarfa og þarf eflaust að skoða með hvaða hætti hið opinbera getur komið til móts við fiskvinnslufólk til farsællar lausnar þessa vanda.

Ég vil þrátt fyrir þessi orð taka fram, að þeir erlendu aðilar sem hér eru að störfum eru að sögn atvinnurekenda yfirleitt framúrskarandi vinnukraftur. Hinu er þó ekki að leyna að þrátt fyrir að þeir borgi skatta og skyldur til sveitarfélagssins, eru þeir hingað komnir til að vinna sér inn peninga, ekki eyða þeim, og því neysla þeirra og viðskipti við verslanir og þjónustufyrirtæki ekki mikil.“

Samstillt átak

„Nýsköpun atvinnutækifæra er orð sem hefur hljómað í eyrum okkar ár eftir ár, en árangur til þessa orðið rýr. Ef til vill hafa menn ekki verið á réttri braut. Þrjónastofur, saumastofur, refa- og fiskeldi svo eitthvað sé nefnt, hafa ekki fært mörgu mörku í bú. Og þrátt fyrir erfið skilyrði í sjávarútvegi eru laun þar mun betri en í iðnaði, enda vinnan mikil og erfið.“


Hér er því auðveldara um að tala en að framkvæma. Vegna smæðar markaðarins og erfiðleika við að afla hráfnis og koma fullunninni vöru á markað er eflaust erfitt að standast samkeppni við þá sem betur eru staðsettir og eru í meiri nálægð við markaðinn og hráefnið.

Helst sýnist mér að við notfærum okkur ekki nægilega þá möguleika sem allskonar hugbúnaður, hugvit og fjarvinnsla getur gefið. Hér eru óteljandi möguleikar fyrir hendi, en vantar þekkingu til að beisla þessa orku nýrra atvinnutækifæra og þeirra möguleika sem þarna skapast til fjölbreyttara atvinnulífs.

Til að ná árangri í nýrri atvinnusókn þarf að koma til samstarf áhugasamra einstaklinga og traustra fyrirtækja og eðlilegt að þeir leiti liðsinnis bæjarstjórnar og ekki síður þingmanna kjördæmisins við að koma snjöllum hugmyndum í verk.“

Hlynntur byggðakvóta

- Talsvert óöryggi virðist ríkjandi hjá íbúum sjávarplássá Vestfjörðum. Fólk hefur staðfest dæmi fyrir



Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Stafræn útgáfa:

<http://www.snerpa.is/bb>

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er ókeypis nema heimilda sé getið.

Samtök um þjóðareign

„Íslandsmið hafa verið sameign þjóðarinnar frá öndverðu. Á þessari öld háðu Íslendingar harða baráttu fyrir því að aðrar þjóðir viðurkenndu eignarétt Íslendinga á miðunum.“

„Sjálfstæðisbarátta 19. aldar og sóknin til lýðræðis á fyrri hluta 20. aldar var ekki aðeins háð til að losna undan erlendri áþjón heldur einnig til þess að losna undan sérdrægu forrættindakerfi fyrri alda. Frelsi, réttlæti og jafnrétti allra til atvinnu, búsetu, menntunar og velsældar hafa verið hornsteinar íslensks samfélags. Með lögum um stjórn fiskveiða er þeim hróflað en höft, forrættindi, ójöfnuður og ranglæti sett í staðinn. Íslendingar geta aldrei unáð slíku til langframa.“

Svo segir m.a. í ávarpi, sem var undanfari stofnfundar Samtaka um þjóðareign, sem fram fór í Reykjavík fyrir viku síðan, og undirritað var af fjölmörgu þjóðkunnu fólki víðsvegar að af landinu.

Í fyrstu grein laga Samtakanna er komist svo að orði: „Félagið hefur það að markmiði að stuðla að því að tryggja öllum íslenskum þegnum jafnan rétt til að hagnýta auðlindir íslenskrar efnahagslögsögu.“

Með fiskveiðistjórnun sinni hefur ríkisstjórn Íslands með fulltungi meirihluta Alþingis á hinn bóginn komið því þannig fyrir, að búið er að afhenda fámennum hópi réttinn til fiskveiða. Að óbreyttu kerfi munu erfingjar og venslamenn núverandi kvótakóngu drottna áfram yfir þjóðareigninni og með hverju nýju ári fjölga þeim, sem leysa til sín „eignina“ með sölu „hlutabréfa í óveiddum fiski“ og lifa í vellystingum praktuglega upp til æviloka.

Stofnun þessara samtaka er mikið fagnaðarefni. Það hlaut að koma að því að sú mikla ólga, sem kraumað hefur undir í þjóðarvitundinni vegna þeirrar takmarkalaus spillingar sem þróast hefur innan kvótakerfisins og svo gifurlegrar tilfærslu fjármuna til fámenns hóps, að engu er þar við að jafna í sögu þjóðarinnar, kæmi upp á yfirborðið.

Innan vébanda Samtaka um þjóðareign eru uppi mörg sjónarmið. Forystumanna þeirra bíða mikil og flókin verkefni. Það eru áreiðanlega skiptar skoðanir um leiðir að því markmiði, sem leiddi til stofnunar samtakanna: Að þjóðin öll fái notið arðs af auðlindum sínum. Engu að síður hljóta menn að vona að samtökunum vaxi fiskur um hrygg um land allt og að þau verði að þeirri fjöldahreyfingu, sem knýr stjórnvöld til að hverfa frá núverandi stefnu.

Umræðan um kvótakerfið mun halda áfram linnulaust næstu mánuði og misseri. Stjórnmalamenn, sem ekki gera sér ljóst að kvótakerfið verður mesta átakamálið í þingkosningunum vorið 1999, ættu nú þegar að fara að litast um eftir annarri vinnu.

s.h.

Leiðari

augunum um að hægt er að flytja lífsafkomuna í einum vettfangi í aðra landshluta. Kvótinn er hér í dag en getur t.d. verið á Akureyri eða í Grindavík á morgun. Hvernig ber að tryggja íbúum öryggi og þar með aukna trú á búsetu á Vestfjörðum?

„Hér er komið að einum stærsta vanda þeirra byggðarlaga sem byggja nánast alla sína afkomu og framtíð á fiskveiðum og vinnslu. Sú óvissa sem tengist þeirri staðreynd, að fræðilega er hægt að flytja allan kvóta á brott með einu pennastriki er með öllu óviðunandi.“

Það er því í alla staði eðlilegt að fólk sé hrætt við órar breytingar á eignarhaldi kvótans og óþekkta framtíð. Ég verð að viðurkenna að hér finnur maður til vanmáttar sveitarfélaga við að grípa inn í mál. Lagalega séð höfum við lítið sem ekkert að segja um flutning aflamarks við sölu og fjárhagsleg geta sveitarfélaga er ekki fyrir hendi til að festa hendi á kvóta eða hlutabréf svo sem þarf.

Persónulega hef ég ávallt verið hlynntur byggðakvóta og eins og staðan er í dag sýnist mér mikil nauðsyn á að efla útgerð smærri báta, auka kvóta þeirra um leið og við finnum leiðir til að tryggja vinnslu aflans í heimabyggð, en afli smærri báta hefur að mestu farið á markað og verið seldur út úr byggðarlaginu.“

Hvernig er heilbrigðisþjónustan og skólinn?

–Er á einhvern hátt unnið að því að markaðssetja Bolungarvík í þeim tilgangi að fá fólk til að setjast hér að? Hefur Bolungarvík eitthvað að bjóða fram yfir önnur sveitarfélög?

„Þó nokkuð hefur verið rætt um kynningarátak og þá í samvinnu við stærsta fyrirtæki bæjarins. Við nánari athugun sýndist okkur árangursríkara að fá fjölmiðla til að flytja jákvæðar fréttir af gangi mála. Tekið var sérstaklega á móti „nýbúum“, þeim kynnt þjónusta, félags- og menningarlíf staðarins ásamt stuttu söguágrípi Bolungarvíkur. Þessa var getið í fjölmiðlum og varð ég greinilega var við að þetta vakti athygli. Mikið var hringt og spurst fyrir um íbúðir og atvinnu.“

Við getum óhikað stært okkur af háu þjónustustigi. Alla tíð hefur það verið mikið metnaðarmál að búa vel að fræðslumálum. Grunnskólinn

er með allra best búnu skólum landsins og vorum við eitt af fyrstu sveitarfélögum sem komu á fót einsetnum skóla. Sundlaugin og Íspróttahúsið standast allar nútíma kröfur og gott samstarf er við deildir Ungmennafélags Bolungarvíkur um rekstur og uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Þá höfum við alla tíð verið einstaklega lánsöm með starfsfólk í heilbrigðisgeiranum utan nokkurra mánaða í lok síðasta árs og framefir þessu ári. Með endurkomu Ágústar Oddssonar, heilsgæslulækis og fjölskyldu, var aftur náð fyrri öryggi og hef ég fundið það greinilega að fólk kann að meta þær aðgerðir sem bæjarstjórn greip til, til að fá aftur lækni með fasta búsetu hér. Góð heilbrigðisþjónusta er fyrst og fremst byggðamál, og vil ég geta þess hér að þegar fólk er að spyrjast fyrir um atvinnu og húsnæði er fyrsta spurningin þar á eftir: Hvernig er heilbrigðisþjónustan og skólinn?

Til að svara spurningunni þessi vil ég fullyrða að mannlíf er gott í Bolungarvík og samheldni mikil. Í annan samanburð við sveitarfélög hér og þar vil ég ekki fara.“

Alltaf gott að fá góða einkunn

– Vísbending birti nýverið lista þar sem sveitarfélögum var gefin einkunn að gefnum ákveðnum forsendum. Bolungarvík vann sig upp í 14. sæti úr 28. Hvernig túlkar þú þetta stökk á listanum?

„Ég vil nú vara við of miklum samanburði í þessum talnaleyki Vísbendingar þar sem eignastaða og þjónustustig sveitarfélaga er ekki mælt til einkunnagjafar. Væri það gert væri staða okkar enn betri.“

En alltaf er gott að fá góða einkunn og vissulega ánægjulegt að okkur tókst að lækka skuldir bæjarsjóðs á árinu 1996. Þessu má m.a. þakka að okkur hefur tekist við skuldbreytingar að fá fram lækkan vaxta og þá hefur eins verið gætt aðhalds í rekstri og nýframkvæmdum. Bæjarsjóður er því á réttri leið, en því miður er ekki hægt að segja það sama um hafnarsjóð og stöðu húsnæðisnefndar.

Umsvif hafnarinnar hafa ekki aukist þrátt fyrir einhverjar þær stærstu hafnarframkvæmdir sem ráðist hefur verið í á Vestfjörðum á seinni árum og er það áhyggjuefni.

Eflaust er rétt að gera þarf sérstakt átak í að laða að fleiri viðskiptavinum, bæði með því að útbúa betri aðstöðu fyrir aðkomusjómenn í landi, ásamt því að auglýsa þá ágætu þjónustu sem í boði er bæði hjá iðnaðarmönnum, verslunum og annarri almennri þjónustu o.s.frv. Hér er því kjörið tækifæri til samstarfs milli hafnarstjórnar, vinnslustöðva og annarra hagsmunaaðila að bæta úr og gera betur.“

Bolvíkingar upphafsmenn að umræðu um lausn félagsíbúðavandans

– Vandi sveitarfélaga vegna íbúða í félagslega kerfinu er mikill. Hvaða lausnir eru í sjónmáli?

„Stærsta áhyggjuefnið nú m.t.t. fjármálastöðu sveitarfélagsins er sú staða sem komin er upp vegna félagslega íbúðakerfisins.“

Við Bolvíkingar erum upphafsmenn að þeirri miklu umræðu sem fram hefur farið á síðustu mánuðum um félagslega íbúðakerfið. Bolungarvíkurkaupstaður hefur þurft á liðnum árum að innleysa íbúðir í félagslega kerfinu fyrir u.þ.b 200 milljónir króna sem gerir samstæðureikninginn ekki glæsilegan.

Á fundi sem haldinn var í Bolungarvík sumarið 1996 með stjórn og framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar, fór ég rækilega yfir þessa erfiðu stöðu sveitarfélagsins og taldi æskilegt að gerð yrði úttekt á stöðu húsnæðisnefndar Bolungarvíkur m.t.t. fjölda innlausna íbúða í félagslega kerfinu, þ.e. hvemig hægt væri að mæta fjárhagslegum skuldbindingum vegna þessa, ásamt því að fram færi vitran umræða um stöðu þessa mikilvæga málaflökks. Viðtökur voru góðar og var framhaldið það, að Haraldur L. Haraldsson, f.v. bæjarstjóri á Ísafirði, vann ítarlega skýrslu með okkur sem ég kynnti innan stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í umræðu innan stjórnarinnar var samdóma álit að eðlilegt væri að útvíkka þessa könnun þannig að hún næði yfir landið allt, og var það gert. Málið fékk góða umfjöllun á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga í vetur er leið, og hefur félagsmálaráðherra tjáð mér að hann muni á haustþingi flytja frumvarp um aðgerðir til lausnar þessum vanda.

Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, hefur á þessu góðan skilning og vænti ég góðar

niðurstöðu Alþingis. Ég held að of langt mál væri að fara hér yfir allar þær fjölmörgu tillögur sem settar hafa verið fram, enda hefur þeim verið gerð skil í fjölmiðlum áður.“

Snjóflóði var mikið áfall

– Nú hafa verið heimilaðar lánveitingar til sveitarstjóra vegna kaupa íbúða á hættusvæðum? Hvernig er staða þessara mála í Bolungarvík?

„Það var mikið áfall fyrir okkar byggð þegar snjóflóð féll á þrjú hús í febrúar á þessu ári. Sem betur fór varð ekki manntjón en efnahagslegt áfall eigi að síður. Sennilega var það skoðun flestra Bolvíkinga til þess tíma, að meint snjóflóðahætta væri í Bolungarvík í Traðarhlíðinni, en því miður er nú staðreyndin önnur.“

Okkur er öllum ljós sú staða sem íbúar þessa svæðis búa við. Óöryggi við fyrstu snjóflöð, kvíði fyrir eða við veturinn, eignir nær óseljanlegar og í alla staði óþægilegt og mikil kvöð að eiga yfir höfði sér að þurfa að yfirgefa húsinn í misjöfnuðum veðrum svo og svo oft yfir veturinn.

Strax og þessir atburðir gerðust var haft samband við Ofanflóðasjóð og viðkomandi starfsmenn umhverfisráðuneytisins. Viðtökur voru góðar og fullur skilningur á að færa frammar í framkvæmdaröð vinnu við tillögugerð væntanlegra framkvæmda eða uppkaup húsa. Slík tillögugerð á að liggja fyrir á næsta ári.

Fjórir húseigendur í Disarlandi hafa óskað uppkaupa eigna sinna og er þar vitnað til nýsettrar reglugerðar um veitingu tímabundinna lána til sveitarfélaga vegna kaupa á íbúðarhúsnæði sökum snjóflóða og skriðufalla. Bæjarráð hefur rætt þessa viðkvæmu stöðu og verður sérstaklega rætt við umhverfisráðuneytið um með hvaða hætti verður tekið á málum nefndra íbúa. Ég vil þó taka skýrt fram að fólk má ekki vænta - því miður - skjótra svara né úrlausna, svo stór er vandinn hjá fjölmörgum sveitarfélögum víðsvegar um landið svo sem kunnugt er.“

Vantar bara orgel til að spila undir „amennið“

– Hvernig slær hjartað í Bolvíkingum í dag - í takt eða...?

„Bolvíkingar eru í eðli sínu miklir baráttumenn, þykir eins og öðrum vænt um sitt byggðarlag og eru stoltir af því.“

Bolvíkingafélagið

Brimbrjótur

Haustskemmtun Bolvíkingafélagsins í Reykjavík, Brimbrjóturinn, verður haldin í Akoges-salnum í Sigtúni 3, á laugardaginn.

Skemmtunin hefst stundvíslega kl. 21:30 og verða flutt atriði af blönduðu tagi - bolvísk að uppruna. Að skemmtiatriðum loknum mun hljómsveitin Upplyfting halda uppi alvöru bolvískri ballstemningu fram á nótt.

Ísafjörður

Minningarsjóður Dagnýjar

Stofnaður hefur verið Minningarsjóður Dagnýjar Ólafsdóttur, íbúa á sambyli Bræðratungu Ísafirði, sem lést 29. september s.l., 21. árs gömul.

Minningarsjóðurinn mun verða í vörslu Styrktarfélags fatlaðra á Vestfjörðum. Opnaður hefur verið reikningur, kjörbók í Landsbankanum á Bíldudal, nr. 0154-05-60393. Kt. 680394-2029.

Ísafjörður

KFÍ sigraði ÍR

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar sigraði ÍR-inga í seinni leik liðanna í Eggjabikarnum sem fram fór í Reykjavík á sunnudag.

Lokatölur leiksins urðu 79-67 fyrir KFÍ. Með sigrinum tryggði liðið sér rétt til þátttöku í 8-liða úrslitum og mætir þar Keflvíkingum. Sá leikur verður leikinn í næstu viku.

Mikil og góð samstaða er innan bæjarstjórnar og bæjarstjórnarmönnum til hróss vil ég segja að þeir taka málefnalega afstöðu til viðfangsefna og segja gárungamir reyndar að aðeins eitt vanti inn á bæjarstjórnarfundinn, þ.e. orgel til að spila undir amenið í fundarlok.

Auðvitað takast menn hér á eins og annars staðar um menn og málefni, en mikill munur er á því hvort menn eru að rífast eða rökræða.

Ég vil svara því til að hjórtun slá hér í takt og vonandi verður sú sterka taug sem menn bera til byggðarlagsins aldrei slitin og að samstaða ríki áfram um bættu búsetu og aukid atvinnuöryggi.

Sameining ein og sér leysir ekki allan vanda

- Bolvíkingar höfnuðu sameiningu við önnur sveitarfélög í síðustu bæjarstjórnarkosningum. Afstaða þín með sameiningu er þekkt. Ertu enn sama sinnis í ljósi reynslunnar?

„Það er rétt að ég var víst eini bæjarfulltrúinn í Bæjarstjórn Bolungarvíkur sem var fylgjandi sameiningu við þau sveitarfélög sem nú mynda Ísafjarðarbæ. Afstaða Bolvíkinga var skýr og klár, mikill meirihluti þeirra hafnaði sameiningunni og ber að virða það.

Ekki vil ég vera dómari um það hvemig til hefur tekist í Ísafjarðarbæ. Mér hefur alla tíð verið ljóst að sameining ein og sér leysir ekki allan vanda. Það sem skiptir höfuðmáli er hvemig staðið er að verki og hvemig vandamálin eru leyst.

Mín sýn er enn sú að fleira sameini sveitarfélögin en sundri þeim. Það má benda á svo ótal marga þætti sem æskilegt er að vinna saman, til að mynda í heilbrigðis- og umhverfismálum, skóla- félags- og menningarmálum, og með samstilltu átaki í ferðamálum. Samstaða okkar Vestfirðinga í orkumálum er þekkt. Þá er að mínu viti æskilegt að gengið verði til stofnunar hafnasamlags á svæðinu og þannig mætti lengi telja.

Ég hefði kosið að Bolvíkingar hefðu getað tekið þátt í að mynda hið nýja bæjarfélag með hagsmuni heildarinnar í huga. Ísafjörður er og verður miðdepill svæðisins frá Þingeyri að Djúpi, því breytum við ekki. Það er nú einu sinni svo að fólk leitar þangað sem fjölmennið er og þar skapast aðstaða til fjölbreyttari þjónustu og samkeppni á sviði verslunar. Atvinnumarkaðurinn er stærri og ætti það eitt og sér að vera keppikefli t.d. fyrir iðnaðarmenn hinna ýmsu greina. Sú togstreita sem nú er um stöður, heimilisfesti og tekjum er óæskileg og ætti einn sameiginlegur sjóður að vera sterkari til að mæta margvíslegum áföllum sem því miður eru oft að koma upp.

Það er auðvitað ánægjulegt til þess að vita fyrir okkur

sem höfum verið áratugum saman í bæjarstjórn að fólk vill áfram hafa óbreytt fyrirkomulag og eiga aðgang að okkur dags daglega, en fleira þarf að horfa til. Okkur Vestfirðingum er mikil nauðsyn á að standa fast saman í stað þess að láta smærri mál trufla fyrir lausn stærri og þýðingarmeyri mála.“

Sumir Ísfirðingar vilja strika mig út úr kirkjubókum



„Til eru menn á Ísafirði sem vilja gjarnan strika mig út úr bókum Ísafjarðarkirkju svo mikill Bolvíkingur er ég talinn.“

- Nú ertu fæddur Ísfirðingur. Geta Bolvíkingar nokkuð tekið mark á Ísfirðingnum Ólafi Kristjánssyni í þessum efnum?

„Ég mun þrátt fyrir þessa skoðun mína á sameiningarmálum virða afstöðu meirihluta Bolvíkinga og berjast áfram fyrir því að gera góðan bæ betri. Þó ég sé Ísfirðingur að uppruna, - hreinræktaður norður-Ísfirðingur í báðar ættir, - er ég fyrst og fremst Vestfirðingur og Bolvíkingur geta ekki ásakað mig fyrir að hafa dregið taum Ísafjarðar. Til eru menn þar sem vilja gjarnan strika mig út úr bókum Ísafjarðarkirkju svo mikill Bolvíkingur er ég talinn.“

- Nú líður senn að sveitarstjórnarkosningum. Síðast var

mikill prófkjörsslagur innan Sjálfstæðisflokksins þar sem hart var að þér vegið þó sigur ynnist. Ætlar þú að taka þátt í slagnum í vor eða hyggst þú e.t.v draga þig í hlé?

„Eins og áður hefur komið fram hef ég að afloknu þessu kjörtímabili setið 32 ár í sveitarstjórn. Sveitarstjórnarmálin eru því samofin mínu lífi og starfi. Þetta hafa verið afskaplega skemmtileg og lærdómsrík ár. Þegar lítið er til baka vil ég þakka þau mörgu og góðu kynni sem ég hef haft af sveitarstjórnarmönnum, þing-

Starf Jóhanns verður eflaust síðar meira metið en gert hefur verið til þessa.

Þá er alveg ljóst að vera mín í stjórnnum, s.s. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Lánasjóði sveitarfélaga og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, hefur auðveldað mér störf bæjarstjóra, aflað mér mikillar reynslu og þekkingar ásamt því að gera mér kleift að veita málefnum Vestfirskra sveitarfélaga brautargengi svo sem ég hafði afl til innan nefndra stjórna.“

mér að fara fram eitt kjörtímabil enn. Ég er við hestaheilsu og ekki kominn í kör. Auðvitað verð ég að taka ákvörðun með haustinu, en ég á eftir að ræða við fjölskyldu mína, vini og stuðningsmenn áður en að því kemur.“

Bolvíkingar vilja ekki neina moðsuðu

- Síðast náðu Sjálfstæðismenn hreinum meirihluta í Bolungarvík. Margt bendir til þess að jafnaðarmenn muni nú sameinast um framboð. Er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því?

„Sameiginlegt framboð þeirra yrði okkur fagnaðar efni. Reynsla sameiginlegs framboðs hér fyrir átta árum endaði með miklum vinslitum. A-flokkarnir í Bolungarvík hafa ekki haft mikla kærleika sín á milli og mikill munur er á skoðunum forystumanna þeirra hér í bæ.

Bolvíkingar vilja ekki neina moðsuðu. Þeir vilja vita hvemur á að sækja til ábyrgðar að kjörtímabili loknu. Nafnbreyting ein og sér mun aldrei duga til sigurs.“

Bolungarvík fái að njóta nálægðar við fiskimiðin

- Hvemig sérð þú Bolungarvík fyrir þér í nánustu framtíð? „Ég vil ekki gerast spámaður en setja þess í stað fram þá ósk að þrátt fyrir mikinn fólksflaum frá landsbyggðinni til suðvesturhornsins verði landið allt byggt. Verði sú stefnubreyting á að allir staðir eins og Bolungarvík fái að njóta nálægðar við fiskimiðin - þá miklu auðlind - er engu að kvíða. Samgöngur fara batnandi og þjónustustig er gott, eins og ég hef komið inn á áður.

Við þurfum að greina betur frá jákvæðum hliðum þess að búa í litlu samfélagi þar sem hver og einn einstaklingur er svo dýrmætur. Hér er stutt í vinnu, tiltölulega ódýrt að veita börnum aðgang að t.d. tónlistarskóla og þjálfun íþróttagreina, en nýlegar um-

ræður sem fram fóru í Dagsljósi í Sjóntvarpinu fjölluðu um þann mikla kostnað sem foreldrar verða fyrir vegna þessa á hinu rómaða Reykjavíkursvæði.

Samhjálpin er hér ríkari og taka menn jafnt þátt í gleði og sorg nágrannans þegar svo ber við. Þá ber öllum saman um að ólíkt er að ala upp börn í friðsælu og öruggu umhverfi en í stórborg þar sem ógnar- atburðir eru nánast daglegt brauð,“ sagði Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri í Bolungarvík að lokum.

Björt mey og hrein

Þar sem Ólafur er þekktur fyrir að segja gamansögur af náunganum þykir við hæfi að segja eina stutta sögu af honum sjálfum sem á að hafa átt sér stað þegar Ólafur var á fermingaráldri.

Prestur nokkur hafði heyrta af tónlistarhæfileikum Ólafs, en hann vantaði sárlega einhvern til að leika tónlist við brúðkaup sem fara átti fram norður í Jökulfjörðum. Klerkur fór þess á leit við Ólaf að taka nú verkið að sér, en Ólafur færðist undan og kvaddst ekki kunna nógu mikið til að leika við svo hátfölega athöfn.

„Það er allt í lagi Óli minn,“ sagði prestur, „þú spilar bara einhver falleg og góð íslensk lög.“ Einhverjum fortölum þurfti prestur að beita, en fór þó svo að lokum að Ólafur tók verkið að sér.

Þegar kom að brúðkaupinu var strákur klár við hljóðfærið í kirkjunni. Giftingarparið gekk hægt skrefum inn kirkjugólfið undir ljúfum leik Ólafs hins unga, sem hafði ákveðið að spila lagið „Björt mey og hrein.“

Prestur gifti síðan parið og var hamingjan mikil að athöfn lokinni. Er þau gengu út úr kirkjunni hljómaði „Á Sprengisandi“ frá hljóðfærinu og mátti glögglega greina að þar var að verki mikið efni í góðan tónlistarmann og mikinn húmorista.

Sjálfsbjargarfélagar í Bolungarvík, á Ísafirði og nágrenni

Fundur á vegum félaganna verður haldinn í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík laugardaginn 18. október kl. 14:00.

Sigurrós Sigurjónsdóttir frá Reykjavík heldur erindi um málefni Tryggingastofnunar ríkisins og svarar fyrirspurnum.

Félagar eru hvattir til að mæta og er öllum heimill aðgangur.

Við hvetjum til góðrar mætingar, öllum til fróðleiks.

Sjálfsbjörg Ísafirði
Sjálfsbjörg Bolungarvík

Djúpmaður snýr he

Halldór Halldórsson úr Ögri, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga

Þegar Guðfinna er spurð um uppruna segist hún jafnan vera Íslendingur, en þegar þau Halldór kynntust átti hún lögheimili í Garðabæ. „Þá var ég verkstjóri í rækjuvinnslu hjá Þorbirni hf. í Grindavík og hún kom og sótti um vinnu hjá mér og fékk hana. Þannig hófust okkar kynni“, segir Halldór. En annars hefur Guðfinna víða átt heima, í Grundarfirði og á Vatnsleysuströnd en lengst af í Höfnum á Reykjanesi, áður en hún fluttist í Garðabæinn. Reyndar er hún frá Þingeyri að einum fjórða og þar á hún afbróður.

Líkkisturnar í kjallaranum

Kjallarinn í Hafraholtinu heima hjá þeim Guðfinnu og Halldóru er nokkuð sérstæður að einu leyti. Þar eru geymdar líkkistur (tómar). „Arnór Magnússon frændi minn smíðar líkkistur og hefur fengið að geyma þær hér. Þegar við vorum nýflutt hingað að vorum við að sýna húsið erlendri konu sem kom í heim-sókn til okkar. Þá voru einmitt fimm líkkistur í kjallaranum og hún rak upp stór augu, sem von var, vegna þess að við erum fimm í fjölskyldunni og hún hélt að við værum svo fyrirhyggjusöm að eiga tilbúna kistur fyrir okkur öll, þegar þar að kæmi“, segir Halldór.

16 ára til Grindavíkur

Halldór Halldórsson fór ungur til starfa hjá Þorbirni hf. í Grindavík en nú er það fyrirtæki með nokkrum hætti búið elta hann hingað vestur á firði.

„Þegar ég var 16 ára fór ég heiman úr Ögri og suður til Grindavíkur. Það var tilviljun. Systir hennar mömmu bjó þar og bauð mér að vera. Ég ákvað að vera þar eina vertíð en fara svo í skóla eftir það. Mér líkaði vel í Grindavík, fór strax að vinna hjá Þorbirni hf. og var hjá því fyrirtæki meira og minna frá 1980 til 1987. Síðan var ég áfram hjá þeim við eitt og annað á sumrin fram til 1990, mest þó í verkstjórn, en var þá í skóla í Reykjavík á vetrum.“

Reykjanes við Djúp

Halldór Halldórsson er framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga og tók við því starfi af Eiríki Finni Greipssyni fyrir tæpu ári. Halldór er Vestfirðingur í húð og hár, fæddur og uppallinn inni í Djúpi. Hann hleypti heimdraganum ungur að aldri og er einn hinna tiltölulega fáu, allt of fáu Vestfirðinga segja sumir, sem snúið hafa aftur til starfa og búsetu á heimaslóðum eftir að hafa aflað sér menntunar og reynslu í fjarlægum sóknum. Halldór er 33 ára og nær helminginn af ævinni hefur hann átt heima suður í Grindavík.

Eiginkona Halldórs er Guðfinna Hreiðarsdóttir sagnfræðingur, 31 árs að aldri. Börn þeirra eru þrjú. Elstur er Hreiðar Ingi, sem stundar nám í sjö ára bekk í Grunnskólanum á Ísafirði. Síðan kemur María Sigríður, fimm ára gömul í leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði, eða Eyrnaskjóli, eins og hún og fleiri nefna staðinn gjarnan. Yngstur er Hákon Ari, sem er nýorðinn eins árs. Einnig er skríkjandi páfagaukur á heimili fjölskyldunnar í Hafraholtinu á Ísafirði. Hann er að vísu kvenkyns en Hreiðar Ingi nefnir hann engu að síður Jagó í höfuðið á páfagauknum í myndinni um Aladdin. Suður í Njarðvíkum á Halldór svo fjórtán ára son, Halldór Vilberg.

Síðustu fimm árin áður en Halldór kom vestur í fyrra rak hann eigið fyrirtæki í Grindavík en

– Þú hefur verið í skóla inni í Reykjanesi í uppvestinum...

„Já. Á þeim tíma voru börnin í Djúpinu aðeins hálfan mánuð eða svo í skólanum að hausti og og svo aftur hálfan mánuð á vorin, fyrstu þrjú skólaárin frá sjö ára aldri. Kennaramir komu síðan öðru hverju í heimsókn á bæina, settu fyrir og litu yfir það sem við höfðum verið að gera. Námsefnið var hið sama og í öðrum skólum. Ég fann ekki fyrir því að þessi tilhögun á skólalaldinu háði mér neitt þegar fram í sótti. Frá og með tíu ára bekk vorum við svo allan veturinn í skólanum og þá var ekki oft farið heim á milli.“

– Er skólavistin í Reykjanesi eftirminnileg, kennararnir þar og félagarnir?

„Ég man ákaflega vel eftir mörgum af þeim sem þar störfuðu, svo sem Kristmundi skólástjóra, Skarphéðni sem nú er skólástjóri á Reykhólum, Kristínu handavinnukennara og Sigurði Sigursveinssyni, sem nú er skólameistari við Fjölbautaskólann á Selfossi. Hann er mjög eftirminnilegur maður og var

alla tíð mikill félagi okkar nemendanna. Svo voru Magni kennari og konan hans, sem var hjúkrunarkona í Reykjanesinu, Gréta í Hvera-vík, Jónína kennari sem var mér ákaflega góð, og fleiri. Annars ætti maður ekki að telja upp svona nöfn, því hætt er við að einhverjir gleymist.

Sérstaklega man ég vel eftir síðasta árinu mínu í Reykjanesi veturinn 1979-80. Þá voru þar meðal nemenda ýmsir villingar úr Reykjavík sem var komið þar fyrir. Ég hef tekið eftir því, að margir af þeim hafa síðar tengst ýmsum miður skemmtilegum málum. Ég held þó, að skólavistin í Reykjanesi hafi lagað þennan mannskap eitthvað fremur en hitt. Líklega varð dvölin þar til þess að jafna nemendahópin dálítið. Mes-tu vandræðasvínin urðu eitthvað skárri en mestu englamir voru ekki eins miklir englar þegar skóla lauk. Ég minnst Reykjanes með mikilli hlýju. Það var afskaplega gott að vera þar.“

Séra Baldur

starfaði áður hjá Þorbirni hf., að undanskildum þeim vetrum sem hann var við nám í Reykjavík. Þegar hann var ráðinn hingað að Fjórðungssambandinu átti hann sæti í bæjarstjórn Grindavíkur, var þar í meirihlutanum og varaforseti bæjarstjórnar. Í Grindavík fékkst hann einnig við ýmis önnur félagsstörf.

Fyrir síðustu jól kom út ritverkið Saga Grindavíkur, en þau Guðfinna eiginkona Halldórs og Jón Þ. Þór sagnfræðingur rituðu hvort sinn helming þeirrar bókar. Hjá Guðfinnu var þetta um fjögurra ára vinna í tæplega hálfu starfi. Um þessar mundir vinnur hún við að skrifa hluta bókar um íslenska utangarðsmenn, sem á að koma út á næsta ári. Viðfangsefni hennar þar er Sólon í Sólonskoti á Ísafirði, en Sólonskot er nú orðið betur þekkt sem Slunkaríki.

Þessa dagana fæst Guðfinna einnig við að kenna bútasam á Ísafirði. „Ég var hér í sambandi við konur sem hafa áhuga á bútasami eins og ég“ segir hún. „Einhvern veginn barst henni Kollu í Gardínubúðinni til eyrna að ég væri á kafi í þessu og hún fékk mig til að halda námskeið ef þátttaka fengist. Við prófuðum að auglýsa námskeið fyrir byrjendur og áhuginn reyndist svo mikill að það komu rúmlega þrjátíu konur.“

– Kenni séra Baldur þar á þinni tíð?

„Það kom fyrir að hann kenndi þar, en það var ekki oft á þeim tíma, helst í forföllum. En sem sóknarprestur kenndi hann okkur auðvitað fyrir ferminguna. Séra Baldur hafði vissulega sinn eigin stíl, sem enginn annar nær. Hann var minn prestur frá því að ég man eftir mér. Ég sé hann aldrei fyrir mér öðruvísi en sem prestinn minn og hef alltaf borið virðingu fyrir honum. Reyndar er séra Jóna Kristín í Grindavík mér minnisstæð líka, en hún var presturinn minn meðan ég var þar og skírði öll börnin okkar Guðfinnu.“

Heima í Ögri

– Þú ert alinn upp í sveit og við sveitastörf...

„Ég fæddist í Kálfavík í Skötufirði árið 1964, undir það sem búskapur var að líða þar undir lok. Þabbi átti heima í Ögri og mér er sagt að hann hafi komið labbandi yfir fjallið þegar ég var þriggja vikna til að sjá frumburðinn. Búskapur var hætt í Kálfavík árið eftir.

Þá átti ég heima í Reykjavík einhvern smátíma ásamt foreldrum mínum en fljótlega fóru þau aftur vestur til að taka við búi í Ögri. Ég man ekki eftir mér fyrr en heima í Ögri. Fyrst áttum við heima í gamla íbúðarhúsinu, sem nú er í eigu Landsbankans. Fljótlega keyptu foreldrar mínir svo lækisbústaðinn sem byggður hafði verið í Ögri og það hús hefur alla tíð síðan verið bústaður fjölskyldunnar.

Þegar ég var lítill var Guðröður afi minn úr Kálfavík jafnan heima í Ögri á sumrin. Hann veiddi rauðmaga og grásleppu og ég var mikið að þvælast með honum á skekturni. Að öðru leyti er ég alinn upp við venjuleg sveitastörf þeirra tíma. Það var ekki nema einn traktor í Ögri þegar ég var að alast upp. Dálítið var þá enn slegið með orfi og ljá og meira að segja fékk ég mitt eigið orf þegar ég var lítill. Kýrnar voru alltaf mjólkaðar úti á bóli á sumrin og ég fékk mína kú til þess að mjólka. Hún hét Fríða. En það er ekki hægt að segja að manni hafi verið þrælað út í uppvestinum. Frjálsræðið var mikið

og lífið gott. Að minnsta kosti vildi ég ekki skipta. Það er gott að alast upp á slíkum stað, alinn upp af hlýjum og ástríkm foreldrum.“

Undirritaður vill skjóta því hér inn að foreldrar Halldórs eru hjónin María Guðröðardóttir og Halldór Hafliðason í Ögri. Alsystkini hans eru fimm, þau Leifur, Hafliði, Harpa, Guðmundur og Halla María, en hálfbróðir hans samfeðra er Ámundi Halldórsson.

„Þegar ég var að alast upp náði vegurinn frá Ísafirði ekki nema rétt inn fyrir Ögur. Endastöðin var heima. Þá kom þáverandi Fagranes á sumrin fjórar eða fimm ferðir á dag með bíla og að sækja bíla á bryggjuna heima. Skipið tók ekki nema fimm bíla í einu í þá daga. Þá lá vegurinn að austanverðu yfir Þorskafjarðarheiði og út á Snæfjallaströnd og út á Snæfjallaströnd. Vegurinn um Djúpið náði ekki saman fyrr ég var eitthvað um tíu eða ellefu ára gamall. Þó var ekki brúað í Hestfirðinum fyrir en eftir það. Menn þurftu þá að aka á vaði bæði yfir Rjúkanda í Hestfirði og Hestfjarðarána og láta bara gossa eins og í Þórsmörkinni í dag.“

Rafvirkjun, Vélskólinn, Verzlunarskólinn, eiginn rekstur...

– Hver var skólaganga þín eftir Reykjanes?

„Eftir fyrsta árið í Grindavík fór ég í rafvirkjun í Fjölbautaskóla Suðurnesja í Keflavík. En einhvern veginn leiddist mér þetta fjölbautaskólakerfi og ég var þar ekki nema hálfan vetur. Árið eftir fór ég í Vélskóla Íslands. Þar líkaði mér vel, en þá voru fjölskylduaðstæður mínar þannig að ég varð að hætta því námi. Eftir það fór ég samt að vinna að vélaviðgerðum og skyldum störfum á vélaverkstæðinu hjá Þorbirni hf. Fljótlega eða rétt um tvítugt var ég gerður að verkstjóra hjá fyrirtækinu.

Eftir að við Guðfinna kynntumst söðlaði ég svo alveg um og fór í Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík og lauk þaðan bæði verslunarprófi og stúd-

mörgum eintökum á meðal þeirra?

„Ég er nú kannski ekki dómbær á það ennþá. Á Fjórðungsþinginu í haust fannst mér sveitarstjórnarmenn ná ágætlega saman um þau mál sem þar voru til umræðu. Sjálfur átti ég sæti í sveitarstjórn í Grindavík áður en ég kom hingað og margt hér vestra minnir mig á sveitarstjórnarmálin á Suðurnesjunum, hvernig um málin er fjallað og fleira í þeim dúr. En í þeim störfum fannst mér alltaf mesta vandamálið, að mig skorti tíma til þess að vinna að því sem við var að fást. Það gildir vissulega um marga sveitarstjórnarmenn, hér sem annars staðar. Margir þeirra eru harðduglegt fólk sem leggur mikið á sig. Ég hef gott eitt að segja um kynni mín af vestfirskum sveitarstjórnarmönnum. Ég hef nú ekki kynnst þeim alveg öllum, enda eru þeir yfir sjótiú talsins. En hvort þeir eru gefnir fyrir að vera hver í sínu horni, þá held ég að það hafi fremur átt við hér áður fyrr. Augu manna hafa opnast fyrir því að samstarf er af hinu góða. Einmitt hér á Vestfjörðum hefur náðst mikill árangur í sameiningu sveitarfélaga miðað við aðra landshluta, fyrst í Austur-Barðastrandarsýslu, síðan í Vestur-Barðastrandarsýslu og loks hér á norðanverðum Vestfjörðum.“

Óvirkur sjálfstæðismaður...

– Fyrir hvaða flokk varstu í bæjarstjórn Grindavíkur?

„Fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ég varð þar í öðru sæti í prófkjöri. Sjálfstæðisflokkurinn var síðan í meirihluta ásamt Framsóknarflokki og ég gegndi embætti varaforseta bæjarstjórnar. Ég tel valaust að reynsla mín þar gagnist mér mjög vel í núverandi starfi.“

– Þú hefur ekkert blandað þér í pólitíkina hér fyrir vestan...

„Nei. Starf framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins er þess eðlis, að slíkt er útilokað. Ég þarf að vinna í þágu allra sveitarfélaga hér og fyrir alla flokka innan sveitarstjórnanna, þannig að ég hlýt að láta pólitíkina algjörlega eiga sig. Að sjálfsögðu vita menn úr hvaða pólitíska flokki ég kem, en ég hef engin afskipti af slíkum félagsmálum á meðan ég gegni þessu starfi.“

– Hefurðu ekki orðið var við neina tortryggni í þinn garð hjá vestfirskum sveitarstjórnarmönnum úr öðrum flokkum?

„Nei, ég hef ekki orðið var við slíkt. Ég hef kynnst mjög vel fólki úr öllum flokkum í gegnum þetta starf mitt hér og ég veit að allir sem taka þátt í sveitarstjórnarmálum gera það í þeim tilgangi að láta gott af sér leiða, hvar í flokki sem þeir standa. Mér hefur gengið vel að vinna með öllu fólki og ég held að það

eigi ekki eftir að breytast, þó að fólk viti hvaða flokk ég kys.“

„Þjóðareignin“

– Í síðustu viku var stofnað félag um „Þjóðareignina“ svokölluðu, hina sameiginlegu auðlind þjóðarinnar í hafinu umhverfis landið. Hvaða skoðun hefur þú á tilhöggun eignarhaldsins á fiskveiðikvótanum?

„Ég hef hugleitt þessi mál töluvert en mér finnst erfitt að komast fyllilega til botns í þeim. Samt hef ég komist að þeirri niðurstöðu, að álagning veiðileyfagjalds muni ekki leysa nokkurn skapaðan hlut. Allir virðast sammála um að nauðsynlegt hafi verið að draga úr fiskveiðunum og að einhverju kerfi hafi þurft að koma á til þess. Það sem mér finnst að fólk hafi mest að athuga við núverandi tilhöggun, er annars vegar að einstök byggðarlög geti misst veiðheimildir sínar og hins vegar að einhverjir einstaklingar geti hagnast óeðlilega á sölu veiðheimilda. Ef hægt verður að laga þetta tvennt en halda þó nauðsynlegum sveigjanleika, þannig að hægt sé að skiptast á veiðheimildum til þess að auka hagræðingu í útgerðinni, til dæmis þannig að menn þurfi ekki alltaf að vera að skipta um veiðarfæri, þá held ég að núverandi kerfi sé nokkuð gott. Ég hygg að farsælast sé að viðhalda í megindrattum því kerfi sem komið hefur verið á, en sníða af því helstu agnúana og þá hluti sem valda mestri óánægju. En það verður ekki gert í einu stökki. Að mörgu leyti finnst mér umræðan um kvótakerfið ekki nógu ígrunduð, sérstaklega ekki hvað veiðileyfagjaldið snertir, þar sem hún er oft alveg furðuleg.“

– Ertu hræddur um að Vestfirðingar haldi áfram að tapa kvóta út úr fjórðungnum?

„Próunin í þeim efnun er fyrst og fremst komin undir þeim sem stjórná fyrirtækjunum. Og varðandi það hversu miklum kvóta Vestfirðingar hafi tapað, þá má minna á ritgerð Bolvíkingsins Magnúsar Pálma Örnólfssonar á síðastliðnu vori, þar sem fram kemur að Vestfirðingar hafa ekki tapað miklum aflaheimildum miðað við ýmsa aðra landshluta, t.d. ef miðað er við Suðurnesin. Í þeirri ritgerð vantar að vísu kvóta Guðbjargarinnar, sem menn eru ekki á eitt sáttir um hvort er enn á Vestfjörðum eða ekki. Á Suðurnesjum varð maður var við bókstaflegt hrun aflaheimilda í sumum byggðarlögum, t.d. í Keflavík. Grindvíkingar héldu aftur á móti sínu, en Keflvíkingar urðu í ríkum mæli að snúa sér að öðrum viðfangsefnum.“

Vestfirðir eru vissulega háðari sjávarafli en ýmsir aðrir landshlutar. En við ættum ekkert frekar að tapa hlutdeild í aflaheimildum en aðrir. Við verðum að treysta því, að þeir sem reka fyrirtækin hér séu



menn til þess að gera það almennilega. Þeir ættu ekki að vera neinir eftirbátar þeirra sem stjórná fyrirtækjum í öðrum landshlutum.

Mikil umræða hefur verið um veiðheimildir og það er skoðun margra að a.m.k. einhverjar breytingar verði gerðar á skipan þeirra mála. Hvort slíkar breytingar munu hniga í þá átt að festa veiðheimildir á ákveðnum svæðum, veit ég ekki. En ef svo fer, þá þurfum við væntanlega ekki að hafa áhyggjur af því að missa allt út úr höndunum á okkur. Við Vestfirðingar höfum vissulega ennþá miklar veiðheimildir á hvern íbúa, miðað við aðra.“

Þorbjörn hf. og Bakki

– Hér vestra hefur orðið vart nokkurrar tortryggni gagnvart stjórnendum Þorbjarnar hf. í Grindavík, eftir kaup þeirra á Bakka. Sumir virðast vantrúadír á að þær aflaheimildir og tilheyrandi fiskvinnsla haldist lengi hér fyrir vestan. Nú ert þú gamall starfsmaður Þorbjarnar hf. og þekkir forráðamenn fyrirtækisins. Hvaða trú hefur þú á þeim í þessum efnunum?

„Nú get ég að sjálfsögðu ekki svarað fyrir hönd Þorbjarnar hf. Um þessi kaup og sameiningarmál vissi ég ekkert fyrr en þau komu í fjölmiðlum. Ég held að í þessu dæmi gildi einfaldlega sömu lögmál og um annan fyrirtækjarekstur hér vestra. En ég trúi því vissulega að Þorbjarnarmenn reki þetta batterí áfram hér fyrir vestan. Þeir hafa sjálfir sagt að hér sé ágætt að gera út og ágætt að vera með rekstur. Um þetta veit ég ekkert meira en hver annar, en eftir kynni mín af þessum mönnum og eftir að hafa unnið hjá þeim árum saman ber ég ákveðið traust til þeirra.“

En við Vestfirðingar hljótum að líta til fleiri atvinnugreina en bara fiskveiðanna og fiskvinnslunnar. Við þurfum að byggja á fleiru en veiðheimildum. Hér er drift í fyrirtækjum eins Skipasmíðastöðinni, 3X-Stál og Póls, svo dæmi séu tekin. Vonandi geta þessi fyrirtæki og önnur haldið áfram að vaxa og dafna. Áðan minntist ég líka á fyrir-

hugað Þróunarsetur Vestfirðinga miklu máli, verði hún að veruleika.“

Þróunarsetur Vestfirðinga

– Segðu mér nánar frá því... „Hugmyndin sjálf er ekki ný. Áður hefur verið rætt um að sameina hér ýmsar rannsóknastofnanir undir einu þaki. En að undanförun höfum við unnið töluvert að því að gera þessa hugmynd að veruleika og reynt að fá aðila á borð við Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Atvinnuþróunarfélag Vestfirðinga, Bygðastofnun, búnaðarráðunaut á Vestfjörðum, Iðntæknistofnun, Háskóla Íslands, Framhaldsskóla Vestfirðinga, Fiskistofu, Náttúrustofu Vestfirðinga í Bolungarvík og fleiri til þess að koma undir sama þak hér vestra og vera með starfsemi og samstarf á einum og sama stað. Náttúrustofan yrði auðvitað áfram í Bolungarvík, rétt eins og aðrar stofnanir yrðu áfram með höfuðstöðvar hver á sínum stað.“

Þróunarsetur Vestfirðinga yrði staður þar sem margt háskólamenntað fólk og sérfræðingar væri að störfum. Það gæti leitt ýmislegt gott af sér og orðið til þess að kveikja nýjar hugmyndir og skapa ný verkefni í fjórðungnum. Í tengslum við Þróunarsetrið væri síðan miðstöð fjarkennslu á Vestfjörðum og þar yrði hægt að byrja á einhvers konar kennslu á háskólastigi. Slíkt yrði að mínum dómi mjög mikilvægt fyrir svæðið.“

Starfsemi hafin næsta vor?

– Sérðu fyrir þér að þessar hugmyndir geti orðið að veruleika í náinni framtíð?

„Það er víst best að hafa ekki mörg eða stór orð um það. En við teljum okkur vera komna með ákveðin svör um þátttöku frá fjórum aðilum og eigum von á fleirum. Við erum að gæla við að geta tekið ákvörðun um húsnæði fyrir miðjan nóvember og jafnframt að geta hafið starfsemi næsta vor. Þetta er kannski nokkur bjartsýni, en við vinnum eftir þeirri áætlun. Ég tel að þessi hugmynd geti skipt

– Ég starfaði lengi með björgunarsveitinni og var þar í stjórn í mörg ár og var kominn í varastjórn Slysavarnafélags Íslands. Eftir að ég kom vestur fór ég að vinna með Slysavarnafélaginu hér á Ísafirði og núna er ég formaður björgunarbátasjóðsins hér. Þetta er reyndar það eina sem ég hef tekið þátt í félagsmálum eftir að ég kom hingað, enda ekki mikill tími til slíks með þessu starfi.“

„Get ekkert spilað þó að ég sé alltaf að reyna“

Aftur að mjúku málunum, heimilinu... Ég spyr Halldór hvort hann spili á píanoíð sem stendur í stofnunni. „Nei, ég get ekkert spilað þó að ég sé alltaf að reyna. Ég hef ekkert í mér til þess og spila aðeins lítilliga eftir nótum, og þá á gítar en ekki píano. En konan mín gerir það. Hún er miklu betri en ég. Og litli drengurinn okkar spilar eftir sínu höfði og þykist meira að segja kunna að lesa nótur.“

Ögur og fleiri áhugamál

– Helstu áhugamál í tómstundum...

„Ætli það sé ekki Ögur og Ögurvíkin. Þegar við bjuggum fyrir sunnan fórum við ótrúlega oft vestur. Það var um sex tíma akstur frá Grindavík í Ögur og við skruppum oft vestur yfir helgi. Við erum að byggja okkur sumarbústað inni í Ögri. Við vorum byrjuð á því áður en við fluttumst vestur og reyndar áður en við höfðum hugmynd um að við værum að flytjast vestur. Mér líður alltaf best hérna fyrir vestan, t.d. að skróla á trillu einhvers staðar í Djúpinu, eða fara og huga að æðarvarpinu, vera úti í náttúrunni. Sumarbústaðurinn og umhverfi hans eru mikið áhugamál. Við erum að gróðursetja mikið þar í kring og ætlum að halda því verki áfram. Ég hef líka ánægju af því að hjálpa til við bústörfin í Ögri, þá sjaldan að maður getur gert eitthvert gagn. Þetta er það sem mér finnst best. Annars hef ég áhuga á mörgu, svo sem góðum bókum, ferðalögum, ekki síst innanlands, og íþróttum, ekki síst fótbolta og körfubolta. Og svo hef ég vissulega áhuga á vinnunni. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt starf.“

Í Grindavík voru félagsstörfin líka mitt áhugamál. Við höfum áður minnst á bæjar málin. En ég var ekki búinn að vera lengi þar syðra þegar ég gekk í Slysavarnafélagið.

Þorbjarnarfell orðið heljarmikið fjall

– Björgunarsveitin í Grindavík heitir Þorbjörn eins og sitthvað fleira þar um slóðir...

„Já, þetta er allt nefnt eftir fellinu fyrir ofan bæinn, sem Grindvíkingar kalla fjall. Það heitir Þorbjarnarfell og rís þarna upp úr sléttunni og minnir talsvert á alvöru fjall.“

– Jafnvel fyrir Vestfirðing... „Já, þegar maður er búinn að eiga heima í Grindavík svona langan tíma, þá er þetta orðið heljarmikið fjall fyrir manni. Mér þykir vænt um Grindavík og allt umhverfi hennar og fjallið líka og vil helst ekki fara um það niðrandi orðum.“

– Þú starfaðir líka með Rauða krossinum í Grindavík...

„Já, og var þar í sjúkraf lutningum. Ég er löggiltur sjúkraf lutningamaður.“

– Þú grípur ekki í sjúkraf linn hér á Ísafirði um helgarar...

„Nei, ég hef ekki falast eftir því, enda er nóg af góðum mönnum til þess hérna. Hér er líka annað kerfi. Í Grindavík var maður bara með talstöð á sér í vinnunni en hér er vakt á Slökkvistöðinni.“

Heim

Framanritað viðtal er tekið fyrir síðustu helgi en ekki um helgina, eins og venjulegast er. Ástæðan er sú, að Halldór verður ekki heima. En hvert skyldi ferðinni heitið?

Jú, rétt til getið. Inn í Ögur. Heim.

Hlynur Þór Magnússon.

Mótmæla harðlega undanskotum af tekjustofnum til vegamála

Blaðinu hefur borist eftirfarandi ályktun frá tíu vestfirskum sveitarstjórnarmönnum sem samþykkt var á ársfundi Hafnarsambands sveitarfélaga sem haldinn var fyrir stuttu.

„Góðar samgöngur eru forsenda byggðar og framfara á landsbyggðinni. Undirrituð mótmæla harðlega þeim undanskotum af mörkuðum tekjustofnum til vegamála sem frumvarp til fjárlaga ársins 1998 gerir ráð fyrir. Óþolandi

er að ár eftir ár fari alþingismenn ekki að lögum þegar þeir ráðstafa sérmörkuðum tekjustofnum til annarra málaflokka en lög gera ráð fyrir.

Brýnt er að veita sem mestu fé til uppbyggingar samgöngumála, á láði sem og legi. Því förum við fram á að þeim milljarði króna sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að verði skotið undan vegamálum, verði ráðstafað til vegamála, t.d. í þeim landshlutum sem ekki njóta stóriðjufram-

kvæmda í nánustu framtíð.

Jafnframt viljum við minna á greinargerð með ályktun frá 42. Fjórðungssþingi Vestfirðinga um flýtifjármögnun vegafarmkvæmda á Vestfirðum þar sem bent er á að með sölu ríkiseigna er með auðveldum hætti hægt að fjármagna samgöngubætur án þess að auka skuldir ríkissjóðs.

Undir ályktunina rita sveitarstjórnarmennirnir Viðar Helgason, bæjarstjóri í Vestur-

byggð, Ágúst Kr. Björnsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, Sigríður Hrönn Elíasdóttir oddviti Súðavíkurhrepps, Ólafur Örn Ólafsson forseti bæjarráðs Vesturbyggðar, Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri í Bolungarvík, Halldór Jónsson í Ísafjarðarbæ, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Þór Jónsson sveitarstjóri á Hólmavík, Björn Hauksson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps og Örn Jóhannsson í Bolungarvík.

Breiðbandskerfi Pósts og síma hf.

Líkur á að Ísafirðingar fái aðgang að tugum sjónvarpsrása á næsta ári

Innan skamms hefjast sjónvarpsútsendingar á breiðbandi Pósts og síma. Tilraunaútsendingar eru þegar hafnar frá Alþingi og á efni frá Ríkissjónvarpinu. Um 20-25 þúsund heimili í landinu munu strax geta tengst kerfinu, eða þau heimili sem aðgang hafa að ljósleiðarakerfi fyrirtækisins.

Notendur munu geta haft aðgang að 20 erlendum gervihnattarásum með fjölbreyttu dagskrárefni, auk innlends sjónvarpsefnis. Í desember mun ný sjónvarpsstöð, Barnarásin, hefja útsendingar á breiðbandinu, en stöðin mun einskörða útsendingar sínar við barnafni, eins og nafnið gefur til kynna.

Í byrjun munu útsendingar

á breiðbandinu fyrst og fremst nást á höfuðborgarsvæðinu og á Húsavík þar sem ljósleiðarakerfi hefur verið byggt markvisst upp undanfarin ár. Áætl-

anir gera ráð fyrir ljósleiðaravæðingu Ísafjarðar, Akureyrar og Egilsstaða á næsta ári og munu þessir staðir þá hafa aðgang að ódýrara sjónvarps-

efni en nú þekkist því líkur eru á að áskriftargjald að öllu sjónvarpsefni á breiðbandinu verði aðeins um 2000 krónur á mánuði.



Frá kosningakaffi Funklistans við síðustu sveitarstjórnarkosningar.



Afmæli

50 ára

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri verður fimmtugur mánudaginn 20. október nk.

Af því tilefni taka hann og eiginkona hans, Halldóra Magnúsdóttir, á móti gestum í sal Frímúrara laugardaginn 18. október kl. 20.00.

Ísafjarðarbær

Funklistinn hættir?

Varðandi fréttaskot í hinu ágæta bæjarblaði „Bæjarins besta“ með fyrirsögninni „Funklistinn hættir“ vill Funklistinn koma eftirfarandi á framfæri.

Fullyrðing sú sem kemur fram í greininni um að Funk-

listinn sé að hætta er ekki á rökum reist og hún er ekki frá fulltrúum Funklistans komin. Því kemur þessi frétt flokksmönnum í opna skjöldu en ekki er vitað hvaðan þetta er fengið. Kannski er þetta óskhyggja einhverja, en frekar

skal hallast að því að þetta sé dæmi um gúrkutíð froðudagblaðaflokkunar.

Staðreyndin er sú að Funklistinn er ekki dáinn og mun ekki deyja frekar er Elvis Presley.

Funklistinn.

Almenningssamgöngur og byggðamál

Á þessum vettvangi hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar margoft verið hvött til þess að drífa upp almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu. Nú er það orðið að veruleika. Ástæða er til þess að óska bæjarstjórn og Allrahanda til hamingju með áfangann. Ef að líkum lætur verður þetta skref til þess að færa sveitarfélagið, hina gömlu Vestur - Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, enn frekar inn í 21. öldina. Framhaldsskólinn, og grunnskólinn jafnvel líka, mun starfa með öðrum og betri hætti en fyrr. Þegar eitt vinnst tapast annað. Þeir gömlu góðu tímar, þegar hvert þorp var konungsríki útaf fyrir sig, eru óðum að hverfa, enda fer sveitarfélögum á Íslandi óðum fækkandi og verða brátt um 160, svo sem áður hefur komið fram á þessum vettvangi.

En almenningur mun auðvitað njóta best. Heimavist framhaldsskólans mun fyrirsjáanlega verða mun minna sótt en áður. Heilsugæsla mun færast saman og verða miðstýrðari innan Ísafjarðarbæjar. Hún safnast saman á Ísafirði, með þeim kostum og göllum sem fylgja, kostirnir verða þó fleiri, meiri samvinna lækna og starfhæfari eining. En ekki má heldur gleyma því að almenningssamgöngur eiga að leiða til þess, að ekki skipti máli hvar maður velji sér búsetu innan sveitarfélagsins. Hann getur unnið hvar sem er. Þingeyringar, Flateyringar og Suðeyringar verða því jafn góðir starfskraftar á Ísafirði og þeir sem þar búa, ef litúð er á búsetuna eina.

Almenningssamgöngur verða ekki síst til að breyta hugsunarmáttí. Fjallvegirnir eru óðum að hverfa. Hinir andlegu fjallvegir, sem skilja fólk að verða að hverfa líka.



Sjúkrahúsin og byggðamálin

Sennilega eru byggðamálin að kristallast í umræðunni um niðurskurð í heilbrigðisgeiranum. Þar er skorð grímt niður, enda dýrasti einstaki málaflokkur á vegum ríkisins. Sjúkrahúsin á landsbyggðinni telja sig hafa orðið illa úti og að niðurskurðurinn hafi bitnað illilega á þeim. Heimamenn reka upp ramakvein. Auðvitað vilja þeir hafa þjónustuna jafn góða og hún hefur verið. En þá koma hagfræðingarnir og segja að þetta gangi ekki. Alltof fáir íbúar séu á bak við hvert rúm á sjúkrahúsum landsbyggðarinnar. Vissulega hlýtur að vera réttmætt að hagræða og auðvitað má velta því fyrir sér hversu lengi eigi að mismuna höfuðborg og landsbyggð varðandi langlegusjúklinga, sem í síðarnefnda tilvikinu eru taldir vera fólk sem annars staðar væri vistað á elliheimili. Þetta getur verið bæði rétt og rangt. Nauðsynlegt er að fá tölur um sjúklinga og hlutfall eldra fólks á sjúkrahúsum landsbyggðarinnar samanborið við höfuðborgina.

Vistunarmat, og hvað þær heita allar aðferðirnar við að ákveða hvernig eldra fólk sé best komið fyrir, það er á hvaða stofnun, hljóta að hafa tekið á þessu efni fyrir löngu. Sem betur fer virðist ekki síður búið að gömlu fólk á landsbyggðinni en í Reykjavík. Auk þess getur þetta ekki verið aðalatriðið. Enda á það að vera hverri þjóð sæmd að búa vel að öldruðum.

Sjúkrahús eða sjúkraskýli

Á Ísafirði hefur yfirlæknir, ásamt stjórn Fjórðungssjúkrahúss og heilsugæslustöðvar, fittjað upp á ýmsum nýjungum til þess að auka þjónustu við íbúa á svæðinu. Þanig koma nú sérfræðingar annars staðar að. Aðgerðir, sem áður þýddu suðurferðir, eru nú gerðar á Fjórðungssjúkrahúsinu. Hagur íbúanna er ótvíræður. Samstarf með sjúkrahúsum á landsbyggðinni er nauðsynlegt að efla í þessum anda.

Einnig er bráðnauðsynlegt að skoða hvort rekstur allra þeirra smáu sjúkraskýla, sem heimamenn á hverjum stað kalla reyndar sjúkrahús, eigi sér einhvern framtíðargrundvöll. Eru ekki meiri hagsmunir af því að halda í héraði sémilega styrkum sjúkrahúsum, sem ráða við skurðaðgerðir, fæðingar og slyshjálp? Ef frumkvæði kemur að heiman verður að telja líkur mun meiri en ella á því að á slíkan samruna og samvinnu verði fallist. Þannig má búast við því að þjónustan fái að þróast á landsbyggðinni.

Í þessum efnum, eins og svo mörgum öðrum, ræður afstaða heimamanna og skynsamlegar tillögur meiru en oft er haldið. En ekki þýðir að berja höfðinu við steininn og trúa því, að ekkert breytist. Þrjúskan ein flytur okkur bara á mölina, suður, sagði gamli maðurinn. Heimurinn breytist jafnt og þétt og hin gömlu, litlu konungsríki, deyjja eins og risaeðlurnar. Þær dóu vegna þess að þeim var ómögulegt að laga sig að breytingum.

Ef menn bera gæfu til þess að skynja breytingarnar, munu þær vinna með þeim. Ef ekki snúast breytingarnar gegn þeim.

- Stakkur

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu eða leigu **íbúðin að Vitastíg 21**, Bolungarvík. Laus strax. Upplýsingar í síma 554 3191

Til sölu barnavagn, barnarúm, skiptiborð og bílstóll. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 7561

Til sölu ljósavélar, Deutz diesel 12 kw og Yanmar bensín 2,2 kw. Upplýsingar í síma 456 4744, á kvöldin.

Til sölu **valavagn**, selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 7252, Magga.

Til sölu **5 stk. álfelgur** og tvö ný nagladekk undir Volvo. Upplýsingar í síma 456 5214

Erum **dagmæður í Sól-götu**. Getum bætt við okkur börnum eftir hádegi. Upplýsingar hjá Möggu í síma 456 4451 og Mundu í síma 456 4267

Til sölu **millikassi úr Scout '74**, head og headpakkning úr Mazda 2000. Einnig mikið af varahlutum í Subaru '82 og BMW 318i '82. Upplýsingar í síma 434 1166 og í bílasíma 852 7544

Til sölu **Scout Traveller '77**. Þarfnast lagfæringar. Upplýsingar í síma 452 4088

Til sölu ódyr og **falleg íbúð í Hnífsdal** sem er öll nýuppgerð. Mjög ódyr í kyndingu. Hringdu og fáðu að skoða. Upplýsingar í síma 456 3128

Þriggja herbergja íbúð í Stórholti til leigu eða sölu. Nýtt eldhús, nýmáluð. Ýmis skipti koma til greina, hagstætt verð. Upplýsingar í síma 898 3716 og 456 4143

Til sölu **Honda Civic '91** GL, ekinn 105.000

km. Topplúga, hiti í sætum og þjófavarnarkerfi. Græjur fylgja eftir samkomulagi. Einnig fylgja sumardeck. Upplýsingar í síma 456 5313 fyrir kl. 17 og 456 3193 eftir kl. 17. Atli.

Parftu að fylla frystikistuna? Tek að mér að úrbeina fyrir fólk. Upplýsingar í síma 456 7471, Eggert.

Ert þú að fara að henda **rafmagnshitatúbu?** Ef svo er, hafðu þá samband og ég kem og sæk hana. Upplýsingar í síma 456 4330, Björk.

3-4ja herbergja íbúð óskast til leigu á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 5393

Gulli sendill óskar eftir að sendast fyrir fólk og fyrirtæki út um allan bæ. Er með stóran vagn aftan í reiðhjól. Upplýsingar í síma 456 4184 eða 845 3626

Vantar gamlan gráan skjalaskáp. Upplýsingar í síma 456 3263 eða 898 3263, Eiríkur.

Slysavarnakonur munið föndrið í Sigurðarbúð á laugardaginn kl. 14. Nefndin.

Til sölu **myndavél, Olympus OM 707**. Flass fylgir, 280f, linsa 35mm-70mm, linsa 70mm-200 zoom. Verð kr. 50 þúsund. Upplýsingar í síma 456 3772 eftir kl.15, Jói.

Til sölu **Suzuki Vitara 4X4**, árgerð '97, diesel turbo. Upplýsingar í síma 456 8172

Óska eftir að kaupa boðtæki. Upplýsingar í síma 456 3401 eða 899 0113

Til sölu **14" felgur á Toyota Corolla**. Upplýsingar í síma 456 5481



Guðrún Veturliðadóttir kennir hér tveimur nemendum á matartæknibraut Framhaldsskóla Vestfjarða réttu handtökin við sláturgerðina.

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði


Sláturgerð sem hluti sparnaðaraðgerða

Á mánudag og þriðjudag var mikið um að vera á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, en þá vann starfsfólk við sláturgerð. Mörg ár eru síðan slátur var síðast tekið á sjúkrahúsinu og var fyrrum matráðskona FSÍ, Guðrún Veturliðadóttir kölluð til starfa til að hafa yfirumsjón með sláturgerðinni.

Margar hendur þurfti til starfans því alls voru tekin 230 slátur. Nemendur á matartæknibraut Framhaldsskóla

Vestfjarða voru þar á meðal og var verkið hluti af þeirra námi. Einnig var starfsfólk á saumastofu og þvottahúsi sjúkrahússins kallað til aðstoðar, m.a.

Aðspurður hvort sláturgerðin væri hluti sparnaðaraðgerða sem mikið hafa verið til umræðu að undanfögnu, sagði Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri FSÍ, að hann teldi svo vera því slátur væri ódyr matur, auk þess að vera einstaklega hollt og gott.



Ánægður nemandi að sauma vambir.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldir eignir eru einungis sýnishorn úr sölu-skrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

Aðalstræti 13: Efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt hálfum kjallara og tvöföldum bílskúr. Laust fljótlega.
Pólgata 6: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.900.000,-
Stórholt 13: 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódyrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000
Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
Strandgata 5: Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í samþýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 2.000.000

Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
Silfurgata 11: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð óskast.



Miðtún 31: 190 m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast. Eign þessi selst nú á útborgun.



Kirkjubær: 100m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust.

BOLUNGARVÍK:

Völusteinsstræti 4: Einbýlishús, 2x130m². Húsið er autt. Verð kr. 7.200.000,- Góð greiðslukjör.
Höfðastígur 6: U.þ.b. 80m² kjallaraíbúð. Íbúðin er laus. Verð: 1.200.000,-
Völusteinsstræti 3: Einbýlishús ásamt bílskúr.
Kirkjuvegur 2: 214m² glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulagi.
Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
Skólastígur 21: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mjög falleg og er autt. Verð kr. 3.700.000,-
Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
Völusteinsstræti 28: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgergt að utan. Verð: 7.000.000,-
Hafnargata 46: Allt húsið. Selst ódyrt.
Traðarland 24: 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
Vitastígur 11: Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.

Vitastígur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-

SUÐUREYRI:

Túngata 12: 130 - 140m² einbýlishús ásamt litlum bílskúr.
Aðalgata 9: U.þ.b. 90m² einbýlishús.

FLATEYRI:

Bárugata 3: 2x60m² einbýlishús ásamt garðhúsi og stórum bílskúr. Afarfallleg eign.
Drafnargata 11: 130m² raðhús ásamt sólskála og bílskúr. Laust.

PINGEYRI:

Fjarðargata 6: Einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er illa farið og selst ódyrt.
Vallargata 6: 98,6m² raðhús á einni hæð. Verð 2.600.000,-

PATREKSFJÖRÐUR:

Strandgata 11A: Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er illa farið að innan en er nýklætt að utan. Verð: 2.600.000,-

Auglýsingasími

BB er 456 4560

Auglýsing í BB kemst til skila!

Frum-Mynd

Sólgata 11 • 400 Ísafirði
Sími 456 5091

TILBOÐ

Gervihnattadiskur með móttakara, afruglara og LNB aðeins 79.900,- stgr

ÚTSALA

Celine Dion 999,- Live 1.499,-, OP8 1.499,- Tom Waits 999,- ofl.

Erum með nýju línuna frá Aiwa, ótrúlegt verð!

Allir nýjustu geisladiskarnir Björk, Megaslög, Mono, Sarah Maclachlan, Sweet 75, Slade, Alkaholics, Lori Carson, Forest For The Trees, Ppönk, Mommyheads, Verve.

Gítarstrengir, bassastrengir, trommukjuddar, snúrur og hljóðfæri.

Leigum út aðstöðu til að klippa og hljóðsetja video.

Sony 29" Nicam stereo sjónvarp Aðeins 99.900 stgr.-

Panasonic NV-HD620 Hi-Fi Stereo Aðeins 59.900 stgr.-

Framtíðaruppbygging Grunnskólans á Ísafirði

Í skýrslu fræðslunefndar frá því í apríl, sem lögð var fram í maí s.l., í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er rætt um flutning á gamla barnaskólanum, uppkaup á Aðalstræti 32 og nýbyggingu á því svæði, ásamt nýtingu á húsnæði bókasafns/byggðasafns í Sundhöllinni eða nýbyggingu á öðrum stað.

Okkur undirrituðum bæjarfulltrúum fannst það eðlilegt að kannað væri fyrst með húsnæði við Aðalstræti/Austurveg, þar sem fyrir nokkrum árum var valin sú leið að byggja grunnskólann þar upp. Einnig hefði fræðslunefnd mátt kanna með uppkaup húsa við Skólagötu, þar sem nýuppgerð lóð er jú á þessu svæði.

Hvað varðar afstöðu okkar til hugmynda um kaup á húsnæði Norðurtangans, þá var það húsnæði ekki inni í myndinni í maí er stefnumótunartillögur fræðslunefndar voru kynntar og samþykktar í bæjarstjórn þann 5. Júní s.l., heldur var þar verið að ræða um uppkaup við Aðalstræti.

Húsnæði Norðurtangans við Sundstræti

Þegar kynnt var úttektarskýsla á húsnæði Norðurtangans í júlí þá drógum við í efa þær kostnaðartölur er þar voru kynntar að fjárhæð kr. 300 milljónir. Endurskoðuð kostnaðaráætlun var síðan lögð fram í lok ágúst s.l. þar sem áætlaður kostnaður við kaup og breytingar á húsnæði er 410 milljónir þ.e. 110 milljón króna hækkun. Hér er alltaf verið að ræða um bæði húsin, en ekki er gerð nein kostnaðaráætlun vegna lóðarinnar, áætlað fermetraverð er u.þ.b. 100 þúsund. Verið er að ræða hér um breytingar á gömlu fiskvinnsluhúsnæði, þar sem ein aðalasturleið að hafnarsvæðinu liggur milli húsa, sem skapa mun umferðahættu fyrir börnin.

Hvað gera önnur sveitarfélög?

Í upphafi nýs skólaárs var Reykjavíkurborg að taka í notkun nýtt skólahúsnæði Engjaselsskóla, þar sem fermetraverð er kr. 125 - 130 þúsund með fullfrágenginni lóð og öllum búnaði, skóla



Grunnskólinn á Ísafirði.

sem gefur aukna möguleika til sveigjanleika í starfi skólans. Einnig er verið að taka í notkun hluta nýbyggingar Fjölbautaskólans í Garðabæ, þar sem áætlað fermetraverð er 124 þúsund, þar er einnig verið að tala um stóra frágengna lóð með aðlaðandi umhverfi fyrir nemendur og kennara. Á Dalvík hefur sá kostur verið skoðaður að kaupa upp húsnæði í grennd við skólann, en sá kostur var ekki talinn fjárhagslega hagstæður og hefur verið ákveðið að byggja nýtt skólahúsnæði þar.

Fiskvinnsluhús eða nýbygging?

Í ljósi þess sem er að gerast í uppbyggingu skólamannvirkja, þá teljum við það eðlilegra að stefnt sé að því að

skapa nemendum og kennurum sambærilegt umhverfi og vinnuástöðu og best þekkist. Sveitarfélögin eiga í stöðugri baráttu um fagmenntaða kennara sem og að veita íbúum sínum þá þjónustu sem þeim ber. Til að mæta þeim kröfum verðum við að bjóða upp á gott skólahúsnæði og aðlaðandi umhverfi þar sem foreldrar koma til með að sjá, að börnum þeirra líður vel undir faglegrri stjórn vel menntaðra kennara. Við erum að tala um sambærilegt verð og verið er að tala um að veita til kaupa og breytinga á gömlu fiskvinnsluhúsnæði sem byggt er á árunum 1954 - 1976. Nýbygging getur verið til ráðstöfunar að ári frá því að ákvörðun er tekin um byggingu, þar er ekki hætt á því að hluti húsnæðisins verði tekin í notkun og aðrir hlutar eftir því sem vilji er fyrir

hverju sinni við fjárlagagerð nýrrar bæjarstjórnar.

Flutningur íþróttavallar í Tungudal

Við höfum varpað fram þeirri hugmynd að flytja íþróttavöllinn á Torfnesi inn í Tungudal, þar sem gert er ráð fyrir íþróttavellinum á skipulagi og að reist verði nýbygging fyrir 8. - 10. bekk grunnskólans á Torfnesi.

Með flutningi íþróttavallarins sjáum við fyrir okkur möguleika á uppbyggingu frjálsíþróttta, samhliða boltavöllinum á því svæði, þar er öflugt íþróttastarf golfmanna fyrir í dag, skíðagöngumenn nýta svæðið á vetrum, þannig að hugsanlega geta þessar íþróttagreinar sameinast um uppbyggingu á einni starfsstöðu í Tungudal.

Nýbygging skóla á Torfnessvæðinu mun falla vel að skipulagsmyndinni á þessu svæði, þar sem gert yrði ráð fyrir möguleika á heilstæðum grunnskóla, verði það talið hentugt síðar meir að stefna að uppbyggingu 1.-10. bekkjar á einum stað. Við skipulagsvinnuna verði jafnframt gert ráð fyrir þeim möguleika að byggð verði sundlaug á Torfnessvæðinu.

Fjárhagsstaða / fjármögnun bæjarsjóðs

Með þessum tillögum okkar erum við ekki að stefna fjárhagsstöðu bæjarsjóðs í neina frekari hættu, en við kaup á Norðurtangahúsinu, við erum að tala um nær sömu upphæð þ.e. 400 - 500 milljónir.

Hvað varðar slæma fjárhagsstöðu, þá skal á það bent

að hvort heldur húsnæði Norðurtangans eða nýbygging verður reist þá ber okkur að uppfylla lagaskyldur okkar gagnvart grunnskólalögum. Okkur greinir á um leiðir, annars vegar er rætt um gamalt fiskvinnsluhúsnæði í kuldalegu umhverfi, með mikla umferð í kring, hins vegar nýbyggingu með fullbúinni skjólgóðri lóð. Til fjármögnunar á nýbyggingu bendum við á heimild í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar til sölu eigna/hlutabréfa. Einnig mætti leita til fjármögnunarfyrtækja með fjármögnun til x ára til að fjármögnunar á fullfrágengnum skóla með lóð og búnaði.

Bæjarfulltrúarnir Jónas Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir D-lista og Sigurður R. Ólafsson A-lista.

Svona einræði er skólal- num okkar aðeins til vansa

Vegna ummæla Björns Teitssonar í viðtali í síðasta tölublaði Bæjarins besta, sáum við nemendur í 4. og 3. bekk FVÍ okkur ekki annað fært en að sýna lesendum hlið nemenda, hliðina sem skiptir öllu máli í þessum umræðum.

Tveim dögum áður en busavígslan átti að fara fram, voru tveir fulltrúar þriðja bekkjar boðaðir á fund skólameistara, undir því yfirskyni að nú ætti að semja um hvemig málum skyldi háttað. Fulltrúarnir tveir komust fljótlega að því að það að semja við þessa menn (Skólameistara og meðreiðasvein hans) var líkt því að hlaupa á steinvegg, dálítið forvitnilegt en ekki vænlegt til árangurs. Hæst-settur og næstráðandi ætluðu ekkert að gefa eftir og var greinilegt að fyrirfram var búið að ákveða hvernig busun skyldi háttað. Nemendur 3. bekkjar voru í raun og veru neyddir af skólameistara, til að stýra busavígslunni samkvæmt hugmyndum þeirra tveggja. Höfðu þeir eftir krókaleiðum í óbeinum hótunum við fulltrúa 3. bekkjar um að taka af þeim nemendasjoppuna, sem er aðalfjáröflun 3. bekkjar vegna sinnar árlegu utanlandsferðar.

Með þetta tromp á hendi gátu skólameistari og aðstoðarmaður hans haft þessi gríð-

arlegu áhrif á félagslíf nemenda sem þeir ættu í raun að hafa sem minnst áhrif á. Enginn okkar neitar því að busavígslurnar voru sóðalegar en sóðaskapurinn jókst þegar skólameistari bannaði hið fræga kar, sem busamir voru skolaðir í. Að segja að þær hafi einkennst af ofbeldisfullum hópslag er orðum aukid og vísglurnar fóru alls ekki versnandi ár eftir ár, þær voru frekar svipaðar á milli ára. En til að gera þér lesandi góður grein fyrir hvemig busavígslurnar fóru fram þá er hér stutt lýsing:

Alltaf einhverjir fjórugir

Um núuleytið rétt áður en hringt er til fyrstu frímínúttanna eru busarnir sóttir í stofur sínar. Þeim er komið fyrir í anddyrum skólans þar sem þeir bíða þar til vísglan hefst. Þeir sem einhverra hluta vegna treysta sér ekki í vísgluna, geta sótt um pólitískt hæli á skrifstofu kennara. Busarnir eru síðan teknir út einn og einn í einu og nú fer fram hin eiginlega vísгла. Þeim er gert að taka mjólkurvörur útvortis og fljótlega eftir það eru þeir skolaðir með volgu vatni. Að sjálfsögðu eru alltaf einhverjir fjórugir og án þeirra væri þetta ekkert gaman. Vísglan eflði samkennd 1. bekkinga og allt stressið fyrir vísgluna breyttist

í gleði sem entist langt fram á næsta dag. Allir mættu á busablótið og að sjálfsögðu var fjölmennt á ballið á eftir. En hvernig er þetta núna, eða réttara sagt í fyrri? Því skulum við svara: Beðið var fram á hádegis þvi ekki mátti rjúfa kennslu fyrir. Þetta auðveldaði busunum að komast undan því nægur tími gafst til að flýja. Þegar hringt var út úr tíma voru busarnir festir við kaðalspotta. Busarnir voru dregnir í átt að hinum rísandi busaskógi við Seljaland, sem fyrir mistök var sleginn niður eftir sinn fyrsta vetur. Þar var þeim gefinn hákarl og mysu sem flestir fúlsuðu við. Eftir að hafa gróðursett eitt tré eða svo voru þeir orðnir að nýnemum. Þessi vísгла þótti með hinu leiðinlegasta móti því að ekkert mátti gera við busana, jafnvel ekki að bleyta þá.

Ritskoðun á félagslífinu er óþolandi

Afleiðingar þessarar miður skemmtilegu vísglu, mátti sjá strax í lélegri mætingu 1. árs nema á busablótinu (matarveisla á heimavistarsal FVÍ) um kvöldið. Núna í ár var mætingin á busablótið lélegri en í fyrri og það þarf engan eldflaugasérfræðing til að reikna út úr þessari jöfnu. 3. bekkingar reyndu að stöðva þessa þróun en þá ákváðu tveir

valdamestu menn skólans, að loka eyrunum og kúga 3. bekkinga til þess að halda uppteknum hætti. Þarna hafa skólameistari og aðstoðarmaður hans á beinan hátt haft neikvæð áhrif á félagslíf nemenda, hvort sem þeir vita það eða ekki.

Svona ritskoðun á félagslífinu er óþolandi. Getur þú ímyndað þér að yfirmaður þinn færi að skipta sér af því hvort og hvernig vinnufélagarnir koma saman og skemmta sér? Björn minnst á í síðasta BB að busavígslan hafi verið óvinsæl og skólalunum til skammar. Samt sem áður mætti fjöldi bæjarbúa á vísglurnar og skemmti sér ágætlega. Svo virðist sem Björn hlusti frekar á óþekktar nöðurkerlingar úti í bæ en nemendur skólans, hver afskipti hans af busavígslunni eigi að vera. Björn má samt eiga það, að hugmyndin um busaskógin er alls ekki slæm, því þarna gefur hann nemendum kost á að skilja eitthvað eftir sig. Það er hinsvegar augljóst að þetta getur ekki gengið svona. Báðir aðilar verða að komast að sameiginlegri niðurstöðu, því að svona einræði er skólalunum okkar aðeins til vansa og ekki góð auglýsing út á við.

Frá nemendum 4. og 3. bekkjar FVÍ.

Aðalfundur

Aðalfundur Fylkis, félags ungra sjálfstæðismanna á Ísafirði verður haldinn á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins 27. október kl. 20:30.


Allir félagar eru hvattir til að mæta. Nýir félagar eru velkomnir.

Stjórn Fylkis.

Íbúð óskast

Óska eftir 5-6 herbergja íbúð eða einbýlis-húsi á leigu í þrjú ár.

Upplýsingar gefur Valdís eða Stefán í síma 456 5042.



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdafóður, afa og langafa

Halldórs Péturs Kristjánssonar Hlíf II Ísafirði

Jón Halldórsson
Auður Halldórsdóttir
Ólína Halldórsdóttir
Sigrún Halldórsdóttir

Sóley Sigurðardóttir
Rafn Þórðarson
Arnaldur Árnason

barnabörn og barnabarnabörn

KFÍ - Þór

Í DHL-deildinni í Íþróttahúsinu á Torfnesi,
sunnudaginn 19. október kl. 20:00.

Allir á völinn!

Ísfallkið



Helgar- dagskráin



Helgar- veðrið



Helgar- sportið



FIMMTUDAGUR

- 09.00 Línurnar í lag
- 09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 13.00 Lögreglustjóriinn (4:7) (E)
- The Chief
- 13.50 Stræti stórborgar (4:22) (E)
- Homicide: Life On the Street
- 14.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 15.05 Oprah Winfrey (E)
- 16.00 Ævintýri hvíta úlfs
- 16.25 Steinþursar
- 16.50 Með afa
- 17.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 18.00 Fréttir
- 18.05 Nágrannar
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Ljósbrott (2:32)

Valgerður Matthíasdóttir stýrir nýjum þætti um tísku og úðaranda, menningu, listir og afþreyingu.

- 20.35 Systurnar (2:28)
- 21.30 Morðsaga (2:18)
- Murder One 2
- 22.30 Kvöldfréttir
- 22.50 Stræti stórborgar (5:22)
- Homicide: Life On the Street
- 23.35 Villiblóm (E)
- Þriggja stjörnu kvikmynd gerð í samvinnu Ítala, Frakkna og Þjóðverja.
- Bönnuð börnum.
- 01.30 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

- 09.00 Línurnar í lag
- 09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 13.00 Ævintýri Munchausens (E)
- Munchausen lofar íbúum borgar sem

er umsetin af tyrkneska hernum að frelsa þá með aðstoð vina sinna; Alberts, sterkasta manns í heimi, Bertholds, fljóta hlaupara jarðarinnar, Adolphus, sem getur séð lengra en nokkur kíkir og Gustavus, sem getur blásið eins og fellibyltur.

- 16.00 Heljarlóð
- 16.25 Steinþursar
- 16.50 Magðalena
- 17.15 Glæstar vonir
- 17.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 18.00 Fréttir
- 18.05 Íslenski listinn
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Lois og Clark (7:23)
- 20.55 Tilgangur lífsins

Monty Python's The Meaning Of Life
Gáskafullur gamanleikur sem tekur á helstu spurningum um tilveru manns-ins. Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi?

22.45 Ökindingin
Martín Brody, lögreglustjóri trúir því að hákarlinn ógurlegi sé kominn aftur en eigin konan og vinnufélagarnir telja hann geðbilaðan. Stranglega bönnuð börnum.

00.40 Ævintýri Munchausen (E)
Adventures of Baron Munchausen
Sjá umfjöllun að ofan.

02.50 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR


- 09.00 Með afa
- 09.50 Bíbí og félagar
- 10.45 Geimævintýri
- 11.10 Andinn í flöskunni
- 11.35 Týnda borgin
- 12.00 Beint í mark með VISA
- 12.25 NBA molar
- 12.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 13.05 Oprah Winfrey
- 13.50 Enski boltinn
- 16.00 Flóttin til Nornarfjalls (E)
- Escape to Witch Mountain
- 17.40 Glæstar vonir
- 18.00 Undralandið (E) (3:3)
- Russian Wonderland
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Vímir (9:27)

Friends

- 20.35 Fóstbræður (3:8)
- Nýir íslenskir gamanþættir með Benedikt Erlingssyni, Helgu Braga Jónsdóttur, Hilmí Snæ Guðnasyri, Jóni Gnarr og Sigurjóni Kjartanssyni.
- 21.05 Tólf apar
- Stranglega bönnuð börnum.
- 23.25 Morgunverður á Tiffany's
- 12.10 Himinn og jörð (E)
- Úrvalsmynd eftir hinn þekkt leikstjóra Oliver Stone. Stranglega bönnuð börnum.
- 03.35 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR

- 09.00 Sesam opnist þú
- 09.30 Eðlukurfrín
- 09.45 Disneyrímur
- 10.05 Stormsveipur
- 10.30 Aftur til framtíðar
- 10.55 Úrvalsdeildin
- 11.20 Ævintýralandið
- 11.45 Madison (4:39) (E)
- 12.10 Íslenski listinn (E)
- 13.00 Íþróttir á sunnudegi
- 15.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 16.00 DHL-deildin (1:10)
- 17.35 Glæstar vonir
- 18.00 Listamannaskálinn (E)
- South Bank Show
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Seinfeld (4:24)
- 20.30 Skáldatími (4:12)
- Rithöfundurinn Einar Káráson segir af sjálfum sér, verkum sínum og vinnubrögðum.
- 21.00 Vonir og væntingar
- Sense and Sensibility
- Frábærlega vel gerð bíómynd eftir sögu Jane Austen um systurnar Elinor og Marianne sem eru ólíkar mjög.
- 23.15 Geimfarar (1:3)
- Ný heimildarmynd í þremur hlutum.
- 00.05 Hverjum skal treysta? (E)
- Don't Talk To Strangers
- Spennutryllir um Jane Bonner sem skilur við eiginmann sinn, ofbeldisfullan fyrirverandi lögregluann í St. Louis. Stranglega bönnuð börnum
- 01.35 Dagskrárlok



FIMMTUDAGUR

- 10.30 Alþingi
- 16.45 Leiðarljós (746)
- 17.30 Fréttir
- 17.35 Auglýsingatími
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Undrabarnið Alex (38:39)
- The Secret World of Alex Mack
- Myndaflokkur um 13 ára stúlku sem býr yfir undravörum hæfileikum.
- 19.00 Úr ríki náttúrunnar
- 19.30 Íþróttir 1/2 8
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.30 Dagsljós
- 21.05 Saga Norðurlanda (4:10)
- 21.35 ...þetta helst
- Spurningaleikur með hljóðsýn af atburðum líðandi stundar.
- 22.05 Ráðgátur (4:17)
- The X-Files
- 23.00 Ellefufréttir
- 23.15 Króm
- 23.35 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

- 16.45 Leiðarljós (747)
- 17.30 Fréttir
- 17.35 Auglýsingatími -
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Þytur í laufi
- 18.30 Fjör á fjölbraut (35:39)
- 19.30 Íþróttir 1/2 8
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir

- 20.35 Dagsljós
- 21.10 Glæpahringur (5:9)
- 22.05 Eilífðardrykkurinn
- Bandarísk bíómynd frá 1992 um leyndarmálið að baki eilífu lífi og stríð milli tveggja kvenna.
- 23.50 Hvít salurinn
- 00.40 Ráðgátur (4:17)
- 00.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

LAUGARDAGUR

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.35 Viðskiptahornið
- 10.45 Þingsjá
- 11.10 Hlé
- 13.20 Þýska knattspyrnan
- Bein útsending frá leik í fyrstu deild.
- 15.30 Heimssigling (3:4)
- 16.00 Leikur dagsins
- Bein útsending frá leik í Nissan-deildinni í handbolta.
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Dýrin hans Hensons (5:39)
- 18.20 Fimm frækin (5:13)
- 18.50 Hvutti (6:17)
- 19.20 Króm
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Lottó
- 20.45 Stöðvarvik
- Spaugstofumennirnir Karl Ágúst, Pálmi, Randver, Sigurður og Örn eru aftur komnir á kreik og skemmta landsmönnum eins og þeim einum er lagið. Upptökum stjórnar Sigurður Snæberg Jónsson.
- 21.15 Fljótið
- Bandarísk bíómynd frá 1984 um bónda og fjölskyldu hans sem eiga í stöðugri glímu við náttúruöflin.
- 23.20 Hvíl í myrkri
- Bandarísk spennumynd frá 1992 um geðlækni sem flækist inn í morðrannsókn og verður að leita sér aðstoðar.
- Þýðandi: Örnólfur Arnason.
- 01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SUNNUDAGUR

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.45 Hlé

UM HELGINA LAND & SYNIR



Stór skemmtilegt band sem hefur átt vinsælasta smell haustsins „Vöðvastætur“

Föstudagskvöld og laugardagskvöld
til kl. 03:00 • 18 ár



Nýtt
símanúmer
755 6767
Gamla númerið
gildir áfram

Munið
heimsendingar-
þjónustuna


ÍSAFJARÐARBÍÓ



Í tómu tjóni
Frábær gamanmynd
með Kramer úr
Seinfeld þáttunum
Sýnd fimmtudag
og föstudag
kl. 21:00



Spawn
Sunnudag kl. 22:00
eftir leik KFÍ
og
Mánudag kl. 21:00



**Væntanleg
Opnunartími
í Vídeóhöllinni**

Frá kl. 16:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 23:30
alla daga

Verð á myndböndum:
Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3500 myndir)
Teiknimyndir kr. 100,-

Mikið úrval af myndum
og góð þjónusta!

Vandaðu
til verks...
... verslaðu í
Vídeóhöllinni

Vídeó
Höllin
- við Norðurveg
456 4853

Ert þú að leita að spennumúsíkansögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?

- 12.00 Markaregn
Sýnd verða mörkin úr leikjum gærdagsins í þýsku knattspyrnunni. Endursýnt kl. 23.55 í kvöld.
- 13.00 Listamannaskálinn
David Helfgott
- 14.00 Alheimur í útþenslu
Bresk heimildarmynd um útþenslu alheimsins og mælingar á henni.
- 15.00 Þrjú-bíó
Gyðingabyggðin
- 16.30 Eg er enginn auli
Bresk heimildarmynd um Aspergers-heilkenni, taugasjúkdóm sem leggst á börn. Þýðandi og þulur Matthías Kristiansen.
- 17.00 Hvað getum við gert?
Þáttur um fyrirbyggjandi fræðslustarf um tóbak, áfengi og önnur fíkniefni.
- 17.25 Nýjasta tækni og vísindi
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Hvað er í matinn?
18.40 Nautið
Hollensk barnamynd. Pulur er Valur Freyr Einarsson.
- 19.00 Í blíðu og stríðu (10:13)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Sunnudagsleikhúsið
Þrír morgnar
- 20.55 Friðlýst svæði og náttúruminjar
Þjóðgarðurinn í Skaftafelli
- 21.10 Með á nótnum
Þáttur gerður í samvinnu við Símfónihljómsveit Íslands.
- 21.55 Helgarsportíð
22.15 Lestín til glötunar
Breskt sjónvarpsleikrit frá 1995 byggt á sögunni La bête humaine eftir Emile Zola. Yfirmaður á járnbrautarstöð kemst að því að hann á frama sinn því að þakka að kona hans hefur verið forstjóranum eftirlát. Hann hyggur á hefndir en ekki fer allt eins og hann ætlaðist til.
- 23.55 Markaregn
00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök



TV-SPORT



Föstudagur 17. október kl. 17:10
Aarhus - Fremad AGF
Sunnudagur 19. október kl. 12:55
Brönby - Lyngby
Sunnudagur 19. október kl. 15:55
Nijmegen - PSV Eindhoven
Mánudagur 20. október kl. 16:55
AC Horsens - Herning
Þriðjudagur 21. október kl. 18:00
UEFA Cup

TV 3 - DANMÖRK


Miðvikudagur 22. október kl. 18:30
Feyenoord - Manchester United

TV2 - NOREGUR

Laugardagur 18. október kl. 14:00
Everton - Liverpool

TV3 - NOREGUR

Miðvikudagur 22. október kl. 18:00
FC Porto - Rosenborg
Miðvikudagur 22. október kl. 20:45
Feyenoord - Manchester United



Horfur á fimmtudag:

Norðanátt, allhvöss austanlands en hægari um landið vestanvert. Léttir til á Suður- og Vesturlandi en el á annesjum norðanlands og austan. Hiiti 3 til 5 stig á Suðausturlandi en annars um frostmark að deginum.

Horfur á föstudag:

Snýst í fremur hæga suðvestanátt og hlýnar í bili, rigning eða súld suðvestan- og vestanlands en léttir til um austanvert landið.

Horfur á laugardag:

Gengur í norðanátt og kólnar aftur, slydda eða snjóköma norðanlands en úrkomulítið syðra. Snýst líklega í vestlæga átt á sunnudag en suðlæga átt á mánudag og fer að hlýna.



VAENNINN

Athugið að alla þá leiki sem eru tilgreindir hér til hliðar er hægt að sjá í beinni hjá okkur.

Bjóðum uppá skyndi-bitarétti á meðan á útsendingu stendur.

Minum á
„Októberfest '97“
í drykk á spreng-
hlægilegu verði

Hamborgaratilboð á
föstudegi á kr. 450,-



VAENNINN
FLATEYRI

<http://www.snerpa.is/vagninn>

Svala & Eva



Saman!!!
"Live" hljóðritun

Beinn sími
905-2121
Kasta förgl, sími 905-2000, kr. 66,50 min





ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk



Eftir að Stekkur á Suðureyri varð gjaldþrota reyndi Lánasjóður Vestur-Norðurlanda að innheimta kröfu sína hjá Ísafjarðarbæ.

Hæstiréttur Íslands sýknaði Ísafjarðarbæ í Stekksmálinu

Umboð til sveitarstjóra ekki gert á formlegum hreppsnefndarfundum

Hæstiréttur hefur sýknað Ísafjarðarbæ af kröfum Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda.

Sjóðurinn lánaði útgerðarfélaginu Stekki á Suðureyri 20 milljóna króna lán árið 1990 til kaupa á fiskiskipi, en til tryggingar láninu var 1. veðréttur í skipinu og einföld ábyrgð Suðureyrahrepps. Þegar Stekkur varð gjaldþrota

reyndi sjóðurinn að innheimta eftirstöðvar kröfu sinnar hjá Suðureyrahreppi og seinna Ísafjarðarbæ eftir sameiningu sveitarfélaga.

Ísafjarðarbæ reisti sýknukröfu sína á því að umboð til sveitarstjóra frá hreppsnefnd til samþykktar fyrrgreindrar ábyrgðar hefði ekki verið gert á formlegum fundum hrepps-

nefndar.

Í dómi Hæstaréttar segir að af málgögnum verði ekki séð að fundur hafi verið haldinn í hreppsnefnd Suðureyrar þann dag sem umboð til sveitarstjórans á að hafa verið samþykkt.

„Í nefndri samþykkt, sem er óvottfest, segir að undirritaðir hreppsnefndarmenn

veiti sveitarstjóranum umboð til að samþykkja einfalda ábyrgð. Skjalið ber engin einkenni þess að vera endurrit fundargerðar hreppsnefndar og ekki er vísað til neins sveitarstjórnarfundar þar sem ákvörðun hafi verið tekin. Stefnda, sem er opinber lánastofnun, bar eins og á stóð að ganga úr skugga um að

ákvörðunin væri tekin með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 89. gr. laga nr. 8/1986. Þrátt fyrir að útlit skjalsins og orðalag laganna gæfi honum tilefni til varfærni veitti hann lánið við svo búið án þess að aðhafast neitt til að kanna málið nánar. Með því sýndi hann óvarkárni sem hann verður sjálfur að bera ábyrgð á.“

Handtekinn með hass á flugvellinginum

Á laugardag gerði lögreglan á Ísafirði upptæk 20 grömm af hassi sem maður, eigi ókunnur lögreglunni, var að koma með í flugi frá Reykja-

vík.

Í framhaldi af handtöku mannsins var gerð húsleit heima hjá honum og fundust þar tól til fíkniefnaneyslu en

engin fíkniefni. Manninum var sleppt að lokinni yfirheyrslu.

Lögreglan á Ísafirði hefur beðið blaðið að koma þeim

tilmælum til ökumanna að þeir virði þær umferðarreglur sem í gildi eru um akstur í Hafnarstræti á Ísafirði. Frá því nýjar umferðarreglur tóku

gildi fyrir stuttu, hafa fjölmargir ökumenn ekki virt reglur og sérstaklega ekki bann við að leggja eða stöðva ökutæki við Samkaup.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000

Gjugg í borg

Verð frá
kr. 12.400,-

Önnur áhugamál!
til hvers?

New Orleans

23.. nóvember
til 28. nóvember

Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskritstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

FERÐ ÞÚ Á RJÚPU ÁN GPS?

PÓLLINN HF.

Sími 456 3092 • Verslun 456 4594

Ódýrasta GPS-tækið á markaðinum!
Verð kr. 15.968.- stgr.